

## EKKI NÓG AÐ TREYSTA Á SJÁLFAN SIG

Í MARSMÁNUÐI ÁRIÐ 1998 LÉST GUÐRÚN BJÖRG ANDRÉSDÓTTIR Í UMFERÐARSLYSI Á VESTURLANDSVEGI AÐEINS 22 ÁRA GÖMUL.

Fréttablaðið ræðir við móðurina sem sygir hana, unnustann sem slasaðist alvarlega í slysinu og ölvæða ökumanninn sem mun aldrei fyrirgefa sjálfum sér.



16

ALLA SUNNUDAGA

**RE/MAX**  
Fasteignablað



FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

29. apríl 2007 – 115. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAD Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## SUNNUDAGUR

### Vanmetið Straumrof

Jón Viðar Jónsson leikhúsfræðingur ræðir um leikritun Halldórs Laxness á Gljúfrasteini í dag.

MENNING 23



### Jónsi farinn á loft

Söngvarinn er farinn úr svörtum fótum í bláan búning flugþjónsins.

FÓLK 34

### Jón Sigurðsson deilir við sjálfan sig

Illugi Gunnarsson fjallar um efna-hagsstefnu Samfylkingarmanna.

Í DAG 10

### Góður dagur hjá United

Manchester United komst í fimm stiga forystu á toppi ensku úrvalseildarinnar í gær.

ÍPROTTIR 30

### VEÐRIÐ Í DAG



JAFNVEL ENN HLÝRRA í dag verður suðaustan strekkingur sunnan og vestan til annars mun hægari. Viða bjartviðri en þó hætt við sulð með ströndum syðra og hætt við smásíðum vestan til. Hiti 10-22 stig svalast suðaustan til.

VEDUR 4

LESTUR MEDAL 12-49 ÁRA allt landi

### Sunnudagur



\*Samkvæmt fjölmálokönnum Gallup í mars 2007.

## Prír ráðherrar Framsóknar ná ekki kjöri til Alþingis

Framsóknarflokkurinn fær sex þingmenn, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Formaður Frjálslynda flokksins er inni en ekki varaformaður flokksins. Innflytjandi yrði meðal tólf þingmanna Vinstri grænna.

**SKODANAKÖNNUN** Fylgi Sjálfstæðisflokkurinn er nú 40,6 prósent samkvæmt nýrri skoðanakönnum Fréttablaðsins. Í öðrum könnunum blaðsins hefur verið hringt í 800 manns en nú var hringt í 3.600 manns, 600 í hverju kjördæmi. Fylgi Sjálfstæðisflokkurinn minnkar eilítíð frá síðstu viku og fengi flokkurinn 27 þingmenn kjörna.


Framsóknarflokkurinn mælist nú með 10,1 prósent fylgi og fengi sex þingmenn kjörna. Allir þingmennirnir kæmu frá landsbyggðarkjördæmunum þremur, sem býðir að Jón Sigurðsson, Jónína Bjartmarz og Siv Friðleifsdóttir myndu ekki ná kjöri. Sæunn Stefánsdóttir, ritari Framsóknarflokksins, segir að þessar tölur yrðu ekki ásættanlegar í kosningum. „Sem betur fer

eru enn tvær vikur til þeirra. Pannig að nú er það okkar að fara um og tryggja að við fáum inn mann í hverju kjördæmi hér á Suðvesturlorinu.“

Fylgi Frjálslynda flokksins er nú 5,4 prósent, aðeins meira en í síðstu viku, og fengi flokkurinn bví því þingmenn kjörna. Allir þingmennirnir yrðu jöfnunar-menn. Varaformaður flokksins, Magnús Þór Hafsteinsson, sem býður sig fram í Reykjavíkurkjördæmi norður, kæmist ekki á þing. Prátt fyrir það er Magnús bjart-sýnn. „Það er hálfur mánuður í kosningar þannig að ég held að við eignum eftir að bæta við okkur. En það eru náttúrulega kjósendar sem ráða. Við pöntum auðvitað ekki fylgi.“

### FYLGI STJÓRNMÁLAFLOKKA

Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til alþingiskosninga nú?



Samfylking mælist nú með 22,5 prósent fylgi, aðeins meira en í síðustu viku, og fengi því fimmstán sex þingmenn kjörna.

Fylgi Vinstri grænna dalar örli-tið frá síðstu viku og mælist nú 18,0 prósent og fengi flokkurinn því tólf þingmenn kjörna, þar af sjö af höfuðborgarsvæðinu. Peirra á meðal er Paul Nikolov, sem yrði þa eini innflytjandinn á þingi.

Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri grænna, segir ánægjilegt að flokkurinn mælist hvað eftir annað með tvófalt kjörfylgi. „Það yrðu nú aldeilis tiðindi til næsta bæjar, að fá fyrsta innflytjandann inn á þing. Það myndi kannski gera þessa innflytjendum umræðu á þingi markverðari.“

- ss / sjá síður 4 og 18

Meistaraverk á síðasta myndlistaruppboði vetrarins:

## Kjarvalsverk frá 1918 til sölu

**UPPBOD** Menn búast við að fjörverði á uppboðinu sem Galleri Fold standur fyrir á Hótel Sögu í kvöld. Þar verða boðin upp riffléga 130 verk af ýmsu tagi og burfti að taka á fimmtra tug verka af uppboðsskránni vegna góðsframboðs.

Á verkaskránni í kvöld eru fyrirferðarmikil verk eftir stóru kanónurnar í íslensku olíumálverki; hæst er metin olíumýnd frá 1918 eftir Jóhannes Kjarval af skútu í kvöldskini og er matsverð 5-6 milljónir. Svo gamlar myndir eftir Kjarval eru fágætar. Þar er einnig að fá olíuverk eftir Þórarin B. Þorláksson frá 1910 metið á 3,5 til 4 milljónir, Blómauppstilling eftir Jón Stefnánsson, sem er metin nokkuð hærra, og eina af mörgum Húsa-fellsmyndum Ásgríms Jónssonar sem metin er á 3 til 3,5 milljónir.

Þá hafa vakið nokkra athygli litlir dúkrustur eftir Svavar Guðnason sem hann vann í Kaupmannahöfn 1941 en dúkrustur hans eru afar fáar. Um 30 listmunir eru að auki á uppboðinu. Leirverk eftir Guðmund frá Miðdal þar á meðal. Í auglýsingum Gallerís Foldar af uppboðinu hefur borið á árituðu printi eftir Andy Warhol frá 1965 og þrykk-



MYNDLISTARMARKAÐUR LIZ eftir Andy Warhol frá 1965 er metin á allt að einni milljón króna.

verkum eftir Dieter Roth og Richard Serra. Dieter er bekktur hér á landi og þrykk eftir hann hafa oft sést áður á uppboðum Foldar. Þetta mun þó í fyrsta sinn sem verk eftir Serra er til kaups hér á landi en hann er kunnastur hér fyrir Áfanga, útilistaverk sitt í Viðey. Þá er einnig á uppboðinu ljósmynd eftir Cindy Sherman. Mun þetta vera í fyrsta sinn sem verk eftir Sherman, Serra og Warhol eru til sölu á opinberu uppboði hér á landi en þau eru öll virtir og mikilsmetnir listamenn vestanhofs og viðar um lönd.

Uppboðið hefst í Súlnasalnum kl. 18.45 í kvöld.

-bps



KRABBASTJÓRI Hann stóð í ströngu við niðurrifið, stjórnandi krabbans sem gnæfði yfir brunarstunum í hlýjunni og rokinu í Austurstræti í gær. Unnið er að hreinsunni undir stjórn Minjaværndar, og verður það varðveitt sem finna má upprunalegt í rústunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**AFNEMUM TEKJUTENGINGU  
VIÐ MAKAN ÖRYRKJA**

www.xf.is

**XF**  
Frjálslyndi flokkurinn

**LÉTT  
BYLGJAN**  
967  
- RÉTTU LÖGIN... ALLTAFF!



Olafur, þurfið þið ekki bara að hafa sólarhringsopnun?

Jú, ef mönnum liggar svona á að skrá sig í flokkinn þá væri það kannski réttast.

Olafur Snævar Ögmundsson er starfsmáður skrifstofu Frjálslynda flokksins í Reykjavík. Rúða var brotin á skrifstofunni um miðja nótt í vikunni.

## Átta kisur skráðar á Akranesi

**DÝRAHALD** „Nei, kettir eru langt því frá átta talsins, þeir eru miklu, miklu fleiri,“ segir Laufey Sigurðardóttir, heilbrigðisfulltrúi Vesturlands, um fjöldu katta á Akranesi.

Bann við kattahaldi tók gildi á Akranesi um síðust áramót. Hægt er að sækja um undanþágu frá banninum gegn skráningu kattarins og framvísun vottorðs um orma-hreinsun og örmerkingu. Auk þess þarf samþykki nágranna ef kattaeigandinn – og þar með kötturinn – býr í fjölbýlishúsi. Aðeins átta kettir hafa nú verið skráðir til heimilis í bænum.

Laufey segir kattaeigendur á Skaganum hafa verið fremur seinu



**LÖGLEGUR KÖTTUR** Þessi köttur þarf að fá undanþágu ef hann ætlað að búi á Akranesi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

til en bendir að fólk þurfi tíma til að aðlagast breytingunum. Skessu-

horn, héraðsfréttablað Vesturlands, birti í vikunni frétt með fyrirsögninni „Eru aðeins fimm kettir á Akranesi?“ Blaðið vitnar svo í bæjarbúa sem segir undarlega tilviljun að allir fimm kettir bæjarins búi í götunni hjá sér. Laufey segir fréttina hafa ýtt við einhverjum kattaeigendum því skráðum köttum Akraneskaupstaðar hafi aðeins fjölgæð frá því há.

„Það er erfitt að eiga við þetta því það þarf að senda einhvern á staðinn til að ellasta við kettina, eða kattaeigendurna, ef á að bæta úr þessu,“ segir Laufey. Von sé þó til frekari úrbóta begar dýraeftirlits-máður taki til starfa í bænum. - kdk

Framboð Baráttusamtakanna:

**Yfirkjörstjórnir**  
höfnuðu listunum

**STJÓRNMÁL** Framboðslistum Baráttusamtaka eldri borgara og eyrkja í Suðurkjördæmi, Reykjavíkurkjördæmi norður og Reykjavíkurkjördæmi suður var hafnað af yfirkjörstjórnun í gær.

Framboðslistarnir bárust eftir að auglýstur framboðsfrestur rann út á hádegi á föstudag.

Samtökum höfðu þó sólarhrings-

frest til að kæra úrskurðinn til landskjörstjórnar.

Baráttusamtokin hafa fengið framboðslista sinn samþykktan í einu kjördæmi, Norðausturkjördæmi.

- psj

Brennuvargur í Reykjanesbæ:

## Fimm sinnum kveikt í bílum

**LÖGREGLUMÁL** Svo virðist sem brennuvargur leiki lausum hala í Reykjanesbæ, sem svalar fýsn sinni með því að kveikja í gömlum bifreiðum. Kveikt var í gömlum númerlausum bíl í Reykjanesbæ í fyrrinótt, og er það í fimm sinn á innan við tveimur vikum sem eldur er lagður að gömlum og óskráðum bílum.

Brunavarnir Suðurnesja slökktu eldinn í fyrrinótt á skammri stundu. Lögregla Suðurnesja óskar eftir upplýsingum um þann eða þá sem kunna að eiga sök á þessum kveikjum.

- sh



Í HÚSDÝRAGARDINUM Sex kiðlingar komu í heiminn á föstudaginn var.

Fjölgun í Húsdýragarðinum:  
**Prjár huðnur og þrír hafrar**

**DÝRAHALD** Sex kiðlingar bættust í dýrahópinn í Húsdýragarðinum á föstudaginn var þegar fjórðar af huðnum garðsins báru.

Kiðlingarnir eru þrjár huðnur og þrír hafrar. Mæðurnar heita Perla og Snotra, sem eru tvíkiða og Dáfríð og Ísbrá, sem eru einkioða. Kiðlingarnir eiga allir sama föður og er það hafurinn Brúsi.

Geitir eru nú aðeins um fjögur hundruð á Íslandi og eru þær því í útrýmingarhættu.

- eð



**KAMBAHRAUN** Engin átök eru talin hafa átt sér stað áður en 52 ára gamall maður fannst meðvitundarlaus á föstudag í þessu húsi í Hveragerði.

MYND/EINAR ÁRNASON

## Blæddi líklega af völdum sjúkdóms

Líklegt er talið að sjúkdómur hafi valdið blæðingu mannsins sem lést í fyrrkvöld eftir að hann fannst meðvitundarlaus í Hveragerði. Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, vill ekki staðfesta þetta en segir ekkert útilokað.

**LÖGREGLUMÁL** Líklegt mun vera talið að sjúkdómur sé orsök blæðingar mannsins sem lést á föstugkvöld eftir að hann fannst meðvitundarlaus í heimahúsi í Hveragerði.

Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, vill ekki staðfesta þetta. Hann segir þó að ekkert bendi til þess að átök hafi átt sér stað en að ekki sé haegt að fullyrða eitt eða neitt. Engir auðsjáanlegir áverkar munu hafa verið á manninum.

„Við vitum ekki hvað gerðist og dánarorsókin er ókunn en við bíðum eftir niðurstöðu krufningar. Embættið mun óska eftir því að henni verði hraðað. Við eignum líka eftir að sjá allar niðurstöður úr

tæknirann-sókninni. Að svo komu máli er ekkert full-yr, ekkert úti-lokað og allt rannsakað,“ segir sýslumaðurinn.

Pað var laust eftir klukkan fimm síðdegis á föstudag að lögreglunni á Selfossi barst tilkynning um að maður lægi meðvitundarlaus í blóði sínu í húsi við Kambahraun í Hveragerði. Pað var gestkomandi kunnungi sem fann manninn.

Maðurinn var þegar fluttur á Landspítalann Fossvogi. Lífgunar-



ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON

tilraunir á sjúkrahúsini báru ekki árangur og maðurinn var úrskurð-áður látin um kvöldmatarleytið. Hann var 52 ára gamall.

Er að var komið svaf húsráð-andinn, kona um fimmugt, ölvunarsvefni í húsinu. Konan var flutt á löggreglustöðina á Selfossi þar sem hún var of drukkin til að gefa skýrslu. Hún var síðan frjáls ferða-sinna eftir að tekin var af henni skýrsla í gærmorgan. Einnig voru teknar skýrslur af öðrum sem höfðu upplýsingar um málið.

Sérfræðingar úr tæknideild lög-reglunnar á höfuðborgarsvæðinu fóru austur til að aðstoða við athuganir á vettvangi sem var lokað af í þágu rannsóknarinnar.

gar@frettabladid.is

- sh

Tengivagn valt á hliðina:

## Olía lak úr tanki eftir veltu

**LÖGREGLUMÁL** Á bilinu 500 til þúsund lítrar af olíu fóru úr tengivagni olíuflutningabíls sem valt á Öxnadalsheiði í gærmorgan. Bílstjóriinn, maður um fertugt, var einn í bílum og slapp ómeiddur.

Ekki liggur fyrir hvað olli veltunni, en göt komu á olíutanki-nn, sem innihélt tíu þúsund lítra af olíu, og þurfti að kalla til bíla og taeki frá Vegagerðinni og slökkvi-liði, auk annarra olíubíbla til að tæma tankinn áður en bíllinn var reistur við og hreinsa olíu af veginum og þar í kring.

Lögregla lokaði veginum í um fimm klukkustundir og beindi umferðinni um hjáleidið. Nokkrar tafir urðu á umferð.

- sh

Blautur þjófur gekk í gildru:  
**Beittu bjór fyrir þyrstan símaþjóf**

**ÞÝSKALAND** Lögreglan í Berlin notaði heldur nýstárlega aðferð til að hafa hendur í hári þyrsts farsímaþjófs á dögunum. Eftir að eigandi símans hafði tilkynnt um þjófnaðinn hrингi löggreglumaður í númerið og sagði þjófnum að hann hefði unnið kassa af bjór.

Pví næst spurði löggreglumaðurinn þjófnum hvar hann aettí heima, svo hægt væri að koma bjórkass-anum til skila. Þjófurinn gaf samstundis upp heimilisfang sitt og var handtekinn þar skömmu síðar. „Ég held að hann hafi verið ölvadur,“ sagði talskona löggreglunnar.

- sh

## LÖGREGLUFRETTIR

### Slys á hraðaksturssvæði

Ökumaður Porsche-sportbils missti í gær stjórn á bílum á nýju æfingasvæði sem Umferðarstofa hefur sett upp á gamla varnarsvæðinu á Suðurnesjum. Hann ók á girðingu og skemmdist bíllinn talsvert. Ökumaðurinn slapp ómeiddur.

**VINSTRI GRÆN OPNA KOSNINGAMIÐSTÖÐ Í GÚTTÓ**

**Suðurgötu, í HAFNARFIRÐI í dag kl: 15:00**

**Komið og spjallið við frambjóðendur, heitt á könnunni!**

**Allir velkomnir**

**VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð**

Dagur B. Eggertsson ánægður með þátttöku Orkuveitunnar í sæstrengslagningu:  
**Sinnaskipti Guðlaugs brosleg**

**SAMSKIPTI** Dagur B. Eggertsson er mjög ánægður með þá ákvörðun stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur að kanna möguleika á því að koma að lagningu sæstrengsins FARICE-2. „Það er fint að Orkuveitan taki frumkvæði í þessu máli því að það hefur liðið fyrir áratuga trassaskap ríkisstjórnarinnar,“ segir Dagur.

Vonir standa til að sæstrengurinn eigi eftir að tryggji öryggi í samskiptum milli Íslands og annarra landa sem er mjög mikilvægt fyrir hátkniiðnaðinn og fjölmörg fyrirtæki að mati Dags. „Ég vona bara að það komi fleiri fyrirtæki til liðs við Orkuveituna, bankar og síðast en ekki síst rkíð, því eins og staðan er í dag skortir tölvert á með öryggi í millilanda-samskiptum.“

Dagur segir að honum finnst þó svolitið spaugilegt að Guðlaugur



þór Þóðarson sé í forystu fyrir stjórninni sem leggur til að tekið verði þátt í lagningu sæstrengsins, þar sem hann hafi verið helsti gagnrýndi pess að Orkuveitan legði ljósleiðara um borgina. „Sæstrengurinn er náttúrulega bara rökrétt framhald af lagningu ljósleiðara Línu.nets og Gagna-veitunnar og ákvörðunin studd með nákvæmlega sömu rökum. Ég lagði það því til í stjórninni, þaði í gamni og alvöru, að nýja fyrirtækio fengi nafnið Lína.net International, við kátnu allra nema Guðlaugs Þórs,“ segir Dagur og hlær.

- eð

**DAGUR B. EGERTSSON** Vill að Orkuveitan komi að lagningu sæstrengsins FARICE-2.

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra 1. sæti Suðurkjördæmi	Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra 1. sæti Norðausturkjördæmi	Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra 1. sæti Reykjavíkurkjördæmi suður	Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra 1. sæti Reykjavíkurkjördæmi norður	Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra 1. sæti Norðvesturkjördæmi	Siv Friðleifsdóttir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 1. sæti Suðvesturkjördæmi
---	--	--	---	---	---



# Jafnrétti í verki

**Konur og karlar** starfa hlið við hlið í forystu Framsóknar sem ráðherrar og oddvitar framboðslista.

Framboðslista flokksins í kosningunum 12. maí skipa jafnmargir **karlar og konur**.

Fæðingarorlof beggja foreldra er forsenda jafnréttis á vinnumarkaði. Við komum því á og á næsta kjörtímabili munum við lengja það í 12 mánuði.

Við munum enn fremur koma á nýrri jafnréttislöggjöf sem ræðst gegn kynbundnum launamun með afnámi skyldu starfsmanns til launaleyndar og jafnar stöðu **karla og kvenna** í ráðum og nefndum.

**Við sýnum jafnrétti í verki.**

Árangur áfram - ekkert stopp



GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjalur	64,2	64,5
Sterlingspund	128,25	128,87
Evra	87,49	87,97
Dönsk króna	11,742	11,810
Norsk króna	10,756	10,820
Sænsk króna	9,568	9,624
Japansk yen	0,5372	0,5404
SDR	97,87	98,45
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR	118,4943	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Tveir ungar menn handteknir:  
Rændu veski af  
sjötugri konu

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn, annar 26 ára og hinn tvítugur, voru handteknir um tvöleytið í gær eftir að hafa rænt handtösku af sjötugri konu á Grettisgötu.

Konan slapp án nokkura áverka.

Konan tilkynnti strax um ránið á löggreglustöðinni við Hverfis-götu og voru mennirnir hand-teknir nokkrum mínútum síðar á gangi á Rauðarástíg og færðir til yfirheyrslu. Veskið sem og innihald þess komst aftur í hendur eiganda síns.

Að sögn löggreglu eiga báðir mennirnir nokkurn brotaferil að baki.



FRÁ KÁRAHNJÚKUM Komið hafa fram ásakanir um að aðbúnaður verkamanna sé óviðunandi.

Aðbúnaður á Kárahnjúkum:  
**Vinstri græn**  
vilja rannsókn

**KÁRAHNJÚKAR** Þingflokkur  
Vinstrihreyfingarinnar – græns frambods fer fram á opinbera rannsókn að aðbúnaði verkamanna við Kárahnjúka.

Undanfarið hafa komið fram ásakanir um výttverða vanrækslu Impregilo á vinnusvæðinu og vilja Vinstri græn að ríkisstjórnin kanni hvað hæft sé í þeim.

Vinstri græn segja framkvæmdirnar við Kárahnjúka á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og erlendum verktökum beri að fara eftir þeim reglum sem gilda um réttindi og aðbúnað launafólks í landinu.

- eð

Utanríkisráðherra Bretta varar við afleiðingum loftslagsbreytinga:

## Ógn við öryggi mannkynsins

**NEW YORK, AP** Margaret Beckett, utanríkisráðherra Bretlands, lýsti í heimsókn til New York í síðustu viku þeiri hættu sem öryggi mannkynsins stafar af loftslagsbreytingum sem væri „meiri en af nokkrum einstökum átökum“. Sagði hún að ekkert land hefði farsendur til að nota þá afsökun að það myndi skáða efnahagslega samkeppnishæfni þess að grípa til ráðstafana til að sporna við gróðurhúsaáhrifunum.

Í ræðu hjá bresk-bandarísku við-skiptasamtökum British-American Business Inc. lagði Becket áherslu á mikilvægi ábyrgðar einkafyrirtækja á að umbreyta

efnahagslífinu þannig að minna af gróðurhúsalofttegundum sé losað út í andrúmsloftið. Hún varaði við því að hafast ekkert að og áhrifum aðgerðarleysis á öryggi manna.

Áðalerindi Becket til New York að þessu sinni var að stýra óformlegum fundi í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, þar sem afleiðingar loftslagsbreytinganna voru ræddar. Hún varaði þar við átökum sem loftslagsbreytingar gætu leitt til, svo sem um aðgang að drykkjavatni og mat.

**BECKETT Í NEW YORK** Stýrði fundi í Öryggisráðinu um loftslagsbreytingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Forstjóri LSH:

## Starfsmenn fá ágætiseinkunn

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítali - háskólasjúkrahús, LSH, fær háa einkunn í könnun sem Capacent Gallup hefur gert fyrir LSH. Langflestar svarenda, eða tæplega níutíu prósent, bera mikið traust til spítalans og riflega áttatíu prósent telja bíjónustuna góða.

Magnús Pétursson, forstjóri LSH, er ánægður með útkomuna og segir starfsmenn fá „ágætiseinkunn fyrir sín störf enda leggja þeir sig hér fram meira en nokkur um að sinna sjúklungum og aðstandendum vel. Það er aðalsmerki þessara starfsmanna og pessarar stofnunar“.

- ghs

## Meirihlutinn heldur velli

Ríkisstjórnarflokarnir fengju 33 þingmenn kjörna samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Framsóknarflokcurinn fengi sex þingmenn en Sjálfstæðisflokkur 27. Samfylking fengi fimmtán þingmenn, Vinstri græn tólf og Frjálslyndi flokkurinn fengi þrjá, en enginn af þeim yrði kjördæmakjörinn.

**SKOÐANAKÖNNUN** Litlar breytingar eru á fylgi flokkanna frá því í könnunum blaðsins í síðustu viku og allar breytingar eru innan skekkjumarka.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist nú með 40,6 prósent fylgi og fengi samkvæmt því 27 þingmenn. Þetta er 0,6 prósentustigum minna en fylgi flokksins var í síðustu viku, en vikmörk mælast nú 2,0 prósentustig fyrir flokkinn. Það þýðir að með 95 prósent vissu er hægt að segja að fylgi flokksins sé á bilinu 38,6 til 42,6 prósent.

Fylgið er mun meira á höfuðborgarsvæðinu þar sem flokkurinn fengi sextán þingmenn og mælist með 42,9 prósent fylgi. Mest er fylgið í Suðvesturkjördæmi þar sem 48,5 prósent segjast myndu kjósa flokkinn. Þá segjast 45,7 prósent svarenda í Suðurkjördæmi myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn. Minnst fylgi Sjálfstæðisflokksins er í Norðausturkjördæmi, þar sem 29,6 prósent styðja flokkinn. Alls fengi Sjálfstæðisflokkurinn ellefu þingmenn kjörna í landsbyggðarkjördænum.

Framsóknarflokcurinn fengi sex þingmenn og kæmu þeir allir frá landsbyggðarkjördænum. Það er fylgið í Norðausturkjördæmi, þar sem Valgerður Sverrisdóttir leiðir lista flokksins. Þar segjast 23,8 prósent myndu kjósa flokkinn.


5,4 prósent segjast nú myndu kjósa Frjálslynda flokkinn og eru vikmörk 0,9 prósentustig. Ef það yrðu niðurstöður kosninga fengi flokkurinn engan þingmann kjördæmakjörinn, en þrjá jöfnunar-menn; í Norðausturkjördæmi, Reykjavíkurkjördæmi suður og Suðvesturkjördæmi. Varaformaður flokksins, Magnús Þór Hafsteinsson, næði ekki kjöri.

22,5 prósent segjast nú myndu kjósa Samfylkingu og fengi flokkurinn samkvæmt því 15 þingmenn kjörna. Þetta er aðeins meira fylgi en í síðustu viku þegar 20,3 prósent sögðust myndu kjósa flokkinn. Vikmörk reiknast 1,6 prósentustig.

Aðeins fleiri segjast myndu kjósa flokkinn á höfuðborgarsvæðinu, eða 23,9 prósent, en þar fengi flokkurinn níu þingmenn kjörna. Í landsbyggðarkjördænum segjast myndu kjósa flokkinn.

### FYLGI STJÓRMÁLAFLOKKANNA FRÁ ALÞINGISKOSNINGUM 2003

Samkvæmt könnunum Fréttablaðsins fram til 28. apríl 2007



vikmörk 0,9 prósentustig. Ef það yrðu niðurstöður kosninga fengi flokkurinn engan þingmann kjördæmakjörinn, en þrjá jöfnunar-menn; í Norðausturkjördæmi, Reykjavíkurkjördæmi suður og Suðvesturkjördæmi. Varaformaður flokksins, Magnús Þór Hafsteinsson, næði ekki kjöri.

22,5 prósent segjast nú myndu kjósa Samfylkingu og fengi flokkurinn samkvæmt því 15 þingmenn kjörna. Þetta er fylgið í stað 19,7 prósent í síðustu viku, og fengi hann samkvæmt því 10,3 þingmenn kjörna. Vikmörk reiknast 1,6 prósentustig.

Af þingmönnum tólf kæmu fimm frá landsbyggðarkjördænum premur þar sem 17,8 prósent segjast nú myndu kjósa flokkinn, en sjö frá höfuðborgarsvæðinu þar sem 18,0 prósent segjast myndu kjósa flokkinn.

Fylgi Vinstri grænna er mest í Reykjavíkurkjördæmi norður, 22,2 prósent. Minnst er fylgi flokksins í Suðvesturkjördæmi, 13,0 prósent.

Hringt var í 3.600 manns á kosningaaldri dagana 23. til 28. apríl og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og kjördænum. Niðurstaða hvers kjördæmis var svo vigtuð til að fá landsfylgi hvers flokks. Spurt var „Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga nú?“ 61,4 prósent svaraða tóku astöðu til spurningarinnar. Hægt er að sjá nánar hvernig fylgi flokksins er í hverju kjördæmi fyrir sig og hváða frambjóðendur kæmst á þing, væru þetta niðurstöður kosninga á síðu 18.

svanborg@frettabladid.is

## Ókeypis tannvernd fyrir börnini

**Samfylkingin**

Góð hugmynd  
að betri framtíð

XS

Sigurður Þ. Ragnarsson,  
veðurfræðingur

**DALVIK VANN**  
Afar hlýtt loft  
hefur verið yfir landinu  
og fyrir helgina var búið  
að spá hita á Norðausturlandi upp undir  
20 stig. Þegar gærðar-  
urinn var gerður upp  
varð niðurstaðan  
bessi:

Dalvik: 19°C

Ásbyrgi: 18,9°C

Möðruvellar í Hörgárdal: 18,9°C

Dalvikingar unnu  
slaginn og ekki er síðra  
að vita til þess að hita-  
spá dagsins er enn  
hlýrti en í gær.

**VEDURHORFUR**

Í DAG

# Sjálfskiptur með öllu!

# 2.390.000 kr.



Nú bjóðum við á frábæru verði takmarkað magn af Golf Trendline með sjálfskiptingu og ríkulegum sportpakka.

Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa.

#### Sportpakki innifalinn í verði:

- 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
- armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið





Að taka harðar á ungum ökuþöntum?

JÁ	89,5%
NEI	10,5%

## SPURNING DAGSINS Í DAG

Heldur þú að Íslandshreyfingin nái inn þingmanni?



Segðu þína skoðun á visir.is

Virkt götueftirlit með smásölum fíkniefna:

## Metfjöldi mála götuhópsins

**LÖGREGLUMÁL** Götuhópur fíkniefnadeildar löggreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur slegið eigið met í málafjölda það sem af er þessu ári. Hann hefur komið að 166 fíkniefnamálum frá því um áramót. Í fyrra voru málín samtals 227.

Sé litið á fjölda mála eftir mánuðum þá kemur í ljós að hópurinn kom upp um 61 fíkniefnamál í beim mánuði sem nú er að kveðja. A síðasta ári var metfjöldi mála á mánuði 32, eða tvöfalt minni heldur en nú.

„Við teljum góðan árangur af starfi götu hópsins innan fíkniefnadeildarinnar,“ segir Karl



RÁDISTTIL ATLÖGU Götuhópurinn þarf stundum að brjóta sér leið í hús.

Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildarinnar. „Markmið hans er að hafa eftrilt á götumni með virkum sölumönnum og þá takmarka framboð þeirra efna sem mest eru áberandi hverju sinni.“ Varðandi stóraukinn fjölda mála bendir Karl Steinar að miklar breytingar hafi orðið um áramót, þar sem þessi eining hafi verið styrkt og skipulagi breytt. Við sameiningu Kópavogs og Hafnarfjarðar við Reykjavíkurumdæmið hafi löggreglumenn sem áður unnu einir að götueftirlitinu á tveimur fyrرنefndu stöðunum komið inn í hópinn sem starfi eftir það á öllu höfuðborgarsvæðinu. - jss

### MAGN FÍKNIEFNA TEKIÐ 2007

- af götuhópi fíkniefnadeildar	
Kannabisplöntur	344 stk.
Marijúana	600 grómm
Hass	1,8 kg
Amfetamín	525 grómm
Kókain	71 gramm
E-töflur	111 stk.
LSD	19 skammtar

### FJÖLDI MÁLA Á MÁNUÐI 2007

Janúar	35
Febrúar	29
Mars	41
April	61

# Urriðaholt Nýtt hverfi. Ný hugsun. Nýr lífsstíll.

Miðvikudaginn 2. maí verða haldirnir tveir kynningarfundir um rammaskipulag við Urriðaholt fyrir verktaða. Kynningarnar verða í golfskalanum við golfvöll Oddfellow í Garðabæ; þær hefjast kl. 12:00 og kl. 17:00.

Í Urriðaholti er sleginn nýr tónn í skipulagi byggðar á Íslandi og hefur skipulagið hlutið verðlaun og viðurkennings, m.a. frá staðstaða Fagfélags bandarískra arkitekta.

Við Urriðaholt mun rísa afar fjölskylduvæn og fjölbreytt byggð, í góðum samhljómi við náttúruþegurð svæðisins.

Léttar veitingar í boði.

Verið velkomin.

URRIÐAHOLT

28. apríl - 5. maí



## Þú klippir -við hirðum

Starfsmenn Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar fara um borgina dagana 28. apríl til 5. maí og sækja garðaúgang. Settu greinar í knippi, annan garðaúgang í poka og komdu þessu fyrir á áberandi stað við löðarmörk.

Ekki verða fjarlægð stór tré og trjástofnar. Eingöngu verður fjarlægður garðaúgangur, en ekki laus jarðvegur. Íbúar sem þurfa að losa sig við annað rusl eða muni er bent á Sorpu.

Nánari upplýsingar hjá símaveri í síma 411 1111.



Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is/fs

# Rússar kvarta vegna óeirðanna í Tallinn

Forseti Rússlands hefur kvartað við Evrópusambandið vegna óeirðanna í Tallinn í Eistlandi. Búist var við áframhaldandi óeirðum í nótt. Yfir þúsund manns hafa verið handteknir, á annað hundrað slasast og stjórnvöld hafa bannað áfengissölu.

**TALLINN, AP** Vladimir Pútín, forseti Rússlands, kvartaði í gær við Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, sem fer með forsæti í Evrópusambandinu, yfir framgöngu eistneskra stjórnvalda við að bæla niður mótmæli Eista af rússneskum uppruna í Tallinn, höfuðborg Eistlands, síðustu daga. Rússar fullyrða að maður sem lést í óeirðunum hafi verið Rússi, búsettur í Eistlandi.

Eistnesk stjórnvöld bjuggu sig í gær undir briðju nóttna af óeirðum. Um sex hundruð manns voru handteknir og um hundrað slösust þegar óeirðir brutust út í borginni í fyrarkvöld, annað kvöldið í röð. Alls hafa um þúsund manns verið handteknir, á annað hundrað hafa slasast og einn hefur láttist.

Átökin blossoði upp eftir að eistnesk stjórnvöld fjarlægðu sovéskan minnisvarða um sigur Rauða hersins yfir nasistum, bronsstytta af hermanni sem staðið hefur í hálfa öld, úr miðborginni. Undir styttni voru nokkrar hermanni grafnar, og stóð til að fáera lífamaleifir þeirra. Innan við þriðjungur fbúa landsins er af rússneskum uppruna og eru þeir um áttatíu prósent mótmælendanna. Aðrir Eistar telja flestir minnisvarðann minna á áralanga kúgun Sovétríkjanna yfir Eistum.

Drukkin ungmanni hafa kastað grjóti og eldsprengjum í vígbúna löggreglumenn, brotið og bramlæð flest sem á vegi þeirra verður og látið greipar sópa í verslunum í borginni.

Til að sporna við mótmælunum lagði eistneska ríkisstjórnin í gær bann við áfengissölu fram yfir mánaðamörk. Þótt það hafi dregið úr ölvun, kynnti það heldur undir reiði flestra mótmælenda. Þeir af rússneskum uppruna reiddust þar sem þeir töldu bannið lýsa hví viðhorfi stjórnvalda að það væri aðeins ölvun, en ekki reiði þeirra sem væri valdur óeirðanna. Margir ungir Eistar urðu einnig bálvondir út í Rússana fyrir að hafa orðið til



ÓVÍGIR MÓTMÆLENDUR Vegfarandi tók þessa mynd í óeirðunum í fyrrinótt. Um þúsund manns hafa verið handteknir og á annað hundrað hafa slasast í óeirðunum.

bess að þeir gætu ekki haft áfengi um hönd við skemmtanir í gærkvöldi. Þá reistu stjórnvöld tjald yfir torgið þar sem stytta hafði

staðið, og sendu hundruð þúsunda símskilaboða á landsmenn þar sem þeir voru hvattir til að halda sig innandyra. stigur@frettabladid.is

## Mega ekki ganga í stórum hópum

Tvær íslenskar stúlkur, Alma Joensen og Hrönn Guðmundsdóttir, eru í Tallinn á vegum Stúdentaráðs Háskóla Íslands, á aðalfundi norrænna og balteskra stúdentahreyfinga. Alma segir ástandið roseslegt.

„Við megum ekki ganga saman í stórum hópum og helst ekki vera úti, þá verðum við handtekin,“ segir Alma. „Ég hef aldrei séð jafnmargar löggar og á fimmtdagskvöldið þegar við vorum á leiðinni aftur á gistiheimilið. Svo þegar við komum í bæinn næsta dag þá var búið að brjóta allar rúður og táragaslykt um allt.“ Hún segir marga fundar-

gesti hafa fundið fyrir svíða í augum og fengið hóstaköst.

Á fundinum er meðal annars rætt um stúdentá og lýðræði. „Það er allavega nægur efnivíður í þær umræður,“ segir Alma. Að hennar sögn vilja stóku rót-tækar stúdentahreyfingar að stúdentar blandi sér í óeirðirnar. Alma og Hrönn fljúga heim á mánuðag og segist Alma ekki eiga von á að ástandið raski þeim fyrirætlunum. - sh



ALMA JOENSEN

Samtök hernaðarandstæðinga undrast varnarsamningana:

## Ættum að bjarga okkur sjálf

**VARNARMÁL** „Björgunarmálum á Íslandi hefur löngum verið heldið niðri vegna hernaðar,“ segir Stefán Pálsson í Samtökum hernaðarandstæðinga. Með samningunum við Norðmenn og Dani sé heldið áfram á sömu braut.

„Það er verið að tengja saman borgaralega og hernaðarlega þætti til að réttlæta hernað og hervið-veru. Í kaldra stríðinu var Landhelgisgæslan fjársvelt svo áratugum skipti. Það væri fræðilega

mögulegt fyrir Íslendinga að halda úti þyrlum “ segir Stefán. „Svo kom í ljós að við gátum tekið þetta að okkur eins og aðrir.“


Í drögum að samningum við STEFÁN PÁLSSON Norðmenn og Dani segir að þeir muni þjálfu Íslendinga í björgunar- og örygg-

istörfum. Stefán telur þetta rökleysu.

„Björgunarfólk er hæfast að sjá um björgunarstörf. Um lögsögu á Landhelgisgæslan að sjá. Ef menn eiga einhverja hundruð milljóna til að styrkja þessar stofnanir þá gera þeir það. Við eignum ekki að vera að kaupa þessa bjónumst annars staðar frá. Það er engin glóra í því að við séum að þjálfu norska borgara eða hermenn til þessa,“ segir Stefán. - kóp



# GRÆNA LEIÐIN ÁN HAFTA



ÍSLANDSHREYFINGIN ER NÝR VALKOSTUR  
FYRIR ÞÁ SEM KJÓSA GRÆNA STEFNU  
OG EFNAHAGSLEGA VELFERÐ

ÍSLANDS-  
HREYFINGIN  
OPNAR  
KOSNINGA-  
MIÐSTÖÐVAR



## KÓPAVOGUR

Í dag kl: 14:30 að Hlíðarsmára 10.  
Kaffi og kökur, spjall, söngur  
og skemmtiatriði.

ALLIR VELKOMNIR

## ÍSAFJÖRÐUR

Í dag kl. 17 - 19 í Slunkaríki.  
Skemmtiatriði og léttar veitingar.

Margrét Sverrisdóttir varaformaður  
Íslandshreyfingarinnar mætir ásamt  
frambjóðendum af lista í  
Norðvesturkjördæmi.

ALLIR VELKOMNIR

## AKUREYRI

Á mánudaginn 30. apríl kl. 16:00 að  
Hafnarstræti 106.

Kaffi og kökur, spjall. Heiðursgestur.  
Ómar Ragnarsson, formaður  
Íslandshreyfingarinnar.

ALLIR VELKOMNIR

## SUÐURKJÖRDÆMI

Í suðurkjördæmi verður  
kosningaskrifstofan hreyfanleg  
(nánar auglýst síðar).

# KYNNINGARFUNDUR UM NÁM Á FRUMGREINASVIÐI HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

Miðvikudaginn 2. maí  
Höfðabakka 9, kl. 17.00 í stofu 325.



Fólk gefst kostur á að ræða við nemendur frumgreinasviðs og skoða aðstöðuna. Kynntar verða helstu niðurstöður tveggja rannsókna er varða nám á frumgreinasviði.

Frumgreinasvið veitir undirbúning að frekara námi í tækní- og verkfræðideild og er kjörin leið fyrir iðnaðarmenn og aðra úr atvinnulífinu sem þurfa undirbúning til áframhaldandi náms.

**Umsóknarfrestur um nám á frumgreinasviði er til 31. maí.**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY  
OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKI 9 • KRINGLAN 1  
SÍMI: 599 6200 www.hr.is

Nánari upplýsingar er að finna á [www.hr.is](http://www.hr.is) eða hjá Málfríði Þórarinsdóttur [malfrid@ru.is](mailto:malfrid@ru.is).

Kvörtunum til landlæknisembættisins fækkar heldur á milli ára:  
**Hjúkrunarfræðingur lögformlega áminntur**

**HEILBRIGÐISMÁL** Kvörtunum almennings til Landlæknisembættisins vegna heilbrigðispjónustu fækkaði lítilsháttar árið 2006 frá árinu á undan, eða úr 290 skráðum kvörtunum og kærum árið 2005 í 271 árið 2006. Einum hjúkrunarfræðingi var veitt lögformleg áminning í framhaldi kvörtunar mál, samkvæmt upplýsingum frá embættinu.

Flestir kvartanir, 86, bárust vegna Landspítala-háskóla-sjúkrahúss, flestar vegna atvika á bráða- og slysalækningadeild, skurð- og lyflækningadeildum og geðdeilda. Því næst koma einkastofur. Þar hefur kvörtun-

um fækkað hlutfallslega frá fyrra ári. Kvartanir á hendur dvalar- og hjúkrunarheimilum eru hlutfallslega svipaðar og árið 2005.

Hvað varðar einstök svið þá er mest kvartað vegna heimilislækninga, en lyflækningar, bráða- og slysalækningar ásamt geðlækningum koma þar á eftir.

Í marslok 2007 var 29 málum ólokið hjá Landlæknisembættinu. Af 242 málum sem lokið var höfðu 79 verið staðfest að hluta eða öllu leyti og virðist það hlutfall ætla að verða nokkru lægra en á síðasta ári.

-jss

## KVARTANIR OG KÆRUR

Röng meðferð	37
Öfullnægjandi meðferð	66
Aðgengi að heilbrigðispjónustu	24
Sjukraskrá	19
Samskiptaðugleikar heilbrigðisstarfsm. og sjúkl.	16
Afengi eða lyfjanotkun heilbrigðisstarfsmanns	4
Læknivottord	18
Öfullnægjandi eftirlit	11
Röng greining	4
Trúnaðarbrot	9
Öfullnægjandi upplýsingar	4
Heilbrigðisstarfsmaður fer út fyrir verksvið sitt	4
Skottulækningar	4
Önnur atriði	51
<b>ALLS</b>	<b>271</b>

Fluttur á Guantanamo-flóa:  
**Al-Kaídaforingi handsamaður**

**BANDARÍKIN, AP** Einn æðsti og reynslumesti foringi al-Kaída hefur verið handsamaður og fluttur í fanga-búðirnar á Guantanamo-flóa að því er varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna greindi frá.



ABDUL AL-HADI AL-IRAQI

Abdul al-Hadi al-Iraqi er sagður hafa verið handtekkinn í fyrra og halddi í einu af leynifangelsum Leynibjónustu Bandaríkjanna (CIA) erlendis þangað til nú.

Talið er að al-Iraqi sé meðal annars ábyrgur fyrir árásum á bandarískan herafla í Afganistan og morðtilraunum á forseta Pakistan og ótilgreinda yfirmenn hjá Sameinuðu þjóðunum að sögn talsmanns varnarmálaráðuneytins.

-sdg

# Proskahæftar stúlkur ákveði sjálfar kæru

Félagsmálastjóriinn í Kópavogi segir þroskahæfta stúlku sem misnotuð var kynferðislega af stuðningsmanni sjálfa verða að ákveða með aðstandendum hvort kæra verði lögð fram á hendur mannum.

**KYNFERÐISBROT** Engin kæra mun hafa verið lögð fram á hendur mónum sem taldir eru hafa misnotuð tvær þroskahæftar og heyrnarlausra stúlkur í júlí og september í fyrra.

Liðsmaður sem félagsbjónustan í Kópavogi greiddi fyrir aðra stúlku í ferð til Akureyrarbraut þar í bænum gegn báðum stúlkum í júlí í fyrra. Hópur heyrnarlausra manna misnotuði síðan stúlkurnar í afmælisveislu í Kópavogi í september.

Stúlkan og aðstandendur hennar báðu sjálf um þennan tiltekna liðveitanda fyrir Akureyrarferðina. Stúlkan og maðurinn búa í sama stigagangi í fjölbýlishúsi í Kópavogi en óskad hefur verið eftir annarri fbúð fyrir hana.

Aðalsteinn Sigfússon, félagsmálastjóri í Kópavogi, segir félagsbjónustuna hafa samþykkt manni aftir að rætt hafði verið við hann og sakavottorð hans lá fyrir. Umraeddur liðveitandi væri ekki í starfi hér félagsbjónustunnar heldur hefði hún aðeins greitt laun hans vegna ferðarinnar.

Eftir að uppskátt varð um misnotkunarmálið segir Aðalsteinn það hafa verið rætt ítarlega innan félagsbjónustunnar.

„Við litum svo á að þetta



**AÐALSTEINN SIGFUSSON**, „Við litum svo á að þetta mál væri í góðum farvegi og að hún yrði sjálf að taka ákvörðun um hvort hún myndi kæra,“ segir félagsmálastjóri Kópavogs.

mál væri í góðum farvegi og að hún yrði sjálf að taka ákvörðun um hvort hún myndi kæra. Við fullvissuðum okkur um það að það væri vel utan hana halddi og að hún fengi þá leiðsögn sem hún byrfti á að halda. Ég held að við höfum gert rétt í þessu,“ segir Aðalsteinn sem kveðst ekki vita um arfrif málsins eftir það.

Hjörðís Anna Haraldsdóttir, formaður Félags heyrnarlausra, segir að fyrir sitt leiti hafi félagið tilkynnt félagsbjónustunni í Kópavogi um málið þegar það hafi komið upp á yfirborðið. Hún segist ekki vita til þess að misnotkunin hafi verið kærð. „Ég veit ekki hvar málið erstatt,“ segir Hjörðís.

**FRÉTTABLAÐIÐ** Heyrnarlausar og þroskahæftar konur misnotuðar

**FRÉTTABLAÐIÐ** GÆR Tvær heyrnarlausar og þroskahæftar konur voru misnotuðar í tvígang í fyrra.

120<sup>1886</sup>  
2006

# SÖGUSÝNING Landsbankinn — 120 ára —



## Dagskráin í dag

Misstu ekki af tækifærinu til að upplifa þessa einstöku sýningu – henni lýkur á næstu vikum

Á Sögusýningu Landsbankans er margt markvert að sjá og skoða, ekki aðeins úr bankasögunni heldur eru dregnar upp myndir úr þjóðlifi fyri tíðar enda saga bankans og þjóðarinnar samtvinnuð á ýmsan hátt.

Sögusýning Landsbankans  
Aðalstræti 6 (húsnæði TM)  
Sími: 410 4300  
Opið virka daga kl. 11:00-17:00  
og um helgar kl. 13:00-17:00  
Enginn aðgangseyrir

### Í dag, sunnudag:

Leiðsögn í boði kl. 13:30 og 15:00

Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðingur og Sveinbjörn Guðbjarnarson, sem er fjölkunnugur um sögu bankans, leiðbeina gestum um sýninguna og svara spurningum þeirra.



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

## LANDSKJÖRSTJÓRN TILKYNNING FRÁ LANDSKJÖRSTJÓRN

Landskjörstjórn tekur framboðslista sem bornir eru fram við alþingiskosningar sem fram fara laugardaginn 12. maí 2007 til meðferðar og afgreiðslu á fundi mánuðaginn 30. apríl 2007, kl. 17.00 á 2. hæð í Austurstræti 8-10 Reykjavík (gengið inn frá Vallastræti).

Eru umboðsmenn stjórnmalasamtaka, sbr. 40. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, hér með boðaðir á þann fund.

Reykjavík 26. apríl 2007

Landskjörstjórn

# NOKIA 6300



**NOKIA**  
Connecting People

## Tímalaus hönnun.

Nýr og þunnur Nokia 6300  
MP3-spilari og FM-útvarp • 2.0 Megapixela myndavél • Bluetooth þráðlaus tenging



# Sjálfstæð utanríkisstefna

## UMRÆÐAN

Utanríkismál

Fullt tilefni er til að ræða stefnumál stjórnmálaflokkanna í utanríkis- og alþjóðamálum nú þegar fáeinir vikur eru til kosninga. Tvennt stendur viðsulega upp úr í því efni undanfarin. Íslendingar eru best settir án hers, hvort sem hann er innlendir eða erlendir. Satt að segja væri tíma og fjármunum stjórnvalda betur varið í morg önnur verkefni á sviði utanríkismála en „varnarviðræðum“ við hvert einasta land sem hefur áhuga á því. Raunhæft og brýnt verkefni væri að friðlysa landið og lögsgögu þess fyrir kjarnorkuvernum og banna

lega þegar utanríkismál eiga í hlut.

Það var mikil fagnadarefnir þegar bandaríski herinn hvarf af landi brott sl. haust. Íslendingar eru best settir án hers, hvort sem hann er innlendir eða erlendir. Satt að segja væri tíma og fjármunum stjórnvalda betur varið í morg önnur verkefni á sviði utanríkismála en „varnarviðræðum“ við hvert einasta land sem hefur áhuga á því. Raunhæft og brýnt verkefni væri að friðlysa landið og lögsgögu þess fyrir kjarnorkuvernum og banna



ÁRNI PÓR SIGURÐSSON

umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Tíllaga þess efnis hefur ítrekað verið flutt á Alþingi síðan 1995 en aldrei fengið efnislega meðferð. Þar hefur herseta Bandaríkjanna eflaust tafioð fyrir. Bandaríkjastjórn hefur aldrei viljað útiloka að herskip eða flugvélar sem koma í íslenska lögsgögu beri kjarnorkuvernum.

Núna er herinn farinn og því engin ástæða til að láta tillitssemi við Bandaríkin koma í veg fyrir aðgerðir. Allir eru í orði kveðnu sammála um þá ógn sem

stafar af kjarnorkuvopnum – en æsingurinn virðist oft aukast eftir því sem bau eru fjær okkur sjálfum. Við getum sýnt viðhorf okkar til kjarnorkuvopna í verki með því að friðlysa eigin rann. Annars væri það hrein sýndarmennska að berjast fyrir afvopnum annars staðar á hnöttum. Samhlíða þessu þyrfti auðvitað að beina aukinni athygli að umhverfisöryggi og vernda hafið fyrir úrgangi frá kjarnorkuvernum og herstöðum.

Í aðdraganda Íraksstríðsins kom það fram af hálfu ýmissa stjórnarþingmanna að vera Bandaríkjahers á Íslandi skipti sköpum fyrir stuðning íslenskra stjórnvalda við innrásina í Írak.

Þjóðin á rétt á því að stjórnarflokkarnir geri hreint fyrir sínum dyrum og svari því afdráttarlaust hvort vænta megi frekari stuðnings við hernaðaraðgerðir Bush-stjórnarinnar.

Afstaða Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í þessu máli er skýr: Við höfnum áframhaldandi bjónkun við hernaðarhyggju eins og þá sem birtist í stuðningi stjórnarflokksanna við stríðið í Írak. Atkvæði greitt okkur sendir skýr skilaboð um afstöðu til Íraksstríðsins og setu Íslands á lista „hinna staðföstu þjóða“.

Höfundur er borgarfulltrúi og skipar 2. sæti á lista Vinstri grænna í Reykjavík norður.

# Glötuð tækifæri

## UMRÆÐAN

Iðnaður

Mikils misgildnings gætir í málflutningi stjórnarandstöðunnar, þegar hún lætur að því liggja, að eftir 5 ára kyrrstöðu í fjárfestingum í orkukræfum iðnaðarverði verði unnt að taka upp þráðinn við sömu fjárfesta, þar sem frá var horfið. Ekkert er fjarlagt en að fjárfestur sitji með hendur í skauti og bíði þess, að valdhöfum í stjórnálum á Íslandi þóknist að leyfa samninga um stóriðju. Fjárfestarnir munu freista gæfunnar annars staðar í heiminum í stað þess að bíða.

Sveltur sitjandi kráka, en fljúgandi fær. Híð sama á við um fjárfestana. Þeir eiga á hættu að tapa markaðshlutdeild, ef þeir bíða í 5 ár; hvað þá lengur. Þess vegna yrði valdaskeið númerandi stjórnarandstöðu tímabil hinna glötuðu tækifæra. Þjóðarbúskapurinn íslenzki yrði af um 200 milljörðum króna á slíku stöðunarskeiði, og er þá aðeins reiknað með því erlendla fé, sem mundi streyma um að ófær íslenzks efnahagskerfis vegna fjárfestinga í virkjunum fyrir álver og í álverunum sjálfum. Miðað er við hóflegan upphyringgarhraða, sem íslenzka efnahagskerfið ræður við án verðbólgu. Þetta jafngildir því, að stjórnálamenn forræðishyggiunnar hafi með handstýringu sinni og úreltum vinnubrögðum haft eina milljón króna í tekjuaukningu af hverjum einasta launþega í landinu.

Sameignarsinnar yrðu landsmönnum miklu dýrari en þetta, kæmust þeir til valda eftir kosningarnar 12. maí 2007. Þeir væru með sínu „stóriðjustoppi“ búinir að stórskaða trúverðugleika íslenzkra yfirvalda í samskiptum við fjárfesta. Trúnaðarbrest tekur langan tíma að bæta fyrir. Þá er og líklegt, að sameignarsinnarir í Samfylkingu og VG færur að föndra við skattakerfið með þeim afleiðingum, að allir bæru skarðan hlut frá bordi; ríkissjóður, fjármagnseigendur og launþegar. Síkt er ávísun á samdrátt efnahagslífsins, skuldasöfnun hins opinbera og gengissig. Hafa þá skapazt aðstæður fyrir verðbólgu, og í heild gætu landsmenn undir nýrri vinstri stjórn setið uppi með dýrtíð og kreppu (e. „stagflation“). Sameignarsinnarir á Íslandi skilja hvorki gangverk viðskiptalífsins né efnahagslífsins.

Forystumenn vinstri manna eru hugmyndafræðilegar fornaldardeilar, sem engan veginn er þorandi að hleypa inn í Stjórnarráðið. Peir boða stjórnunaraðgerðir, sem henta ekki frjálsu efnahagskerfi í heimsvisðskiptum, en þóttu nothæfar, þegar stjórnálamenn ginu yfir atvinnulífinu.



BJARNI JÓNSSON

## BÆTUM KJÖRIN BURT MED FÁTÆKT BARÁTTUDAGUR VERKALÝÐSINS 1. MAÍ

### VG Í REYKJAVÍK Á NASA

Dagskrá byrjar 15:00

Katrín Jakobsdóttir flytur barátturæðu

Steinunn Þóra Árnadóttir flytur ávarp

Sigríður Kristinsdóttir flytur ávarp

Einar Már Guðmundsson rithöfundur les

Kvartettin Krummafótur með alþjóðlega tóna

### VG Í KÓPAVOGI, KOSNINGAMIÐSTÖÐINNI HAMRABORG 1-3

Dagskrá byrjar 15:00

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir flytur barátturæðu

Hljómsveitin Bardukha leikur af alkunnri snilld

„Við brún nýs dags“ Þorleifur Friðriksson fjallar um verkalýðsbaráttuna

Ádalsteinn Ásberg rithöfundur les ljóð

Leikaramir Hjálmar Hjálmarsson og Valgeir Skagfjörð flytja leiklestur

Guðrún Gunnarsdóttir og Tryggvi Hubner flytja nokkur lög

### BARÁTTUTÓNLEIKAR Á NASA

KL: 21:00

Pörupiltarnir Hannes og Smári kynna af alkunnri snilld

Guðrún Gunnars syngur Ellý Vilhjálms

Einar Már flytur skáldskap

Toggi - Puppy

Dóri DNA

Nýstirnin í Johnny and the rest heiðra okkur með nærveru sinni

Heiða í Unun með sig heilann sinn

Didda Jóns og rakasta sinua Elvis, Didda elskar Elvis

### ALLIR VELKOMNIR



ALLT ANNAÐ LÍF! - með vinstri grænum

**ALFRED HITCHCOCK (1899-1980)**  
LÉST PENNAN DAG.

„Í kvikmyndum er leikstjórnin guð.  
Í heimildarmyndum er guð leik-  
stjórnin.“

Alfred Hitchcock kvikmyndaleikstjóri  
varð frægur fyrir spennumyndir á borð  
við North by Northwest og Psycho.



# tíamót

timamot@frettabladid.is



SVEINN HÁKON HARÐARSON Ungur vísindamaður ársins 2007 flutti erindi um rannsóknir sínar á vísindaþingi LSH.

## Vísindamenn heiðraðir

Guðmundur Þorgeirsson prófessor var útnefndur heiðursvísindamaður Landspítala – háskólasjúkrahúss 2007 á föstudag. Útnefningin fór fram á vísindadagskrá við upphaf Vísinda á vordögum. Við sama tækifæri var Sveinn Hákon Harðarson valinn Ungur vísindamaður ársins 2007.

Guðmundur Þorgeirsson er svíðstjóri lækninga á lyflækningasviði I á LSH. Hann útskrifaðist sem læknir frá læknadeild Háskóla Íslands árið 1973. Að loknum þremur námsárum við læknadeild tók Sveinn sér hlé frá námi. Hann vann þá við rannsóknir, fyrst á raflífeðlisfræðilegri kortlagningu á sjónhimnu í rottum og síðar á súrefnismettun í augnbotnum, undir handleiðslu Einars Stefánssonar, prófessors í augnsjúkdónum.



Útför föður okkar, tengdaföður, afa,  
langafa, bróður og mág,

**Skúla Pórðarsonar**

fer fram frá Akraneskirkju 30. apríl kl. 14.00.

Bragi Skúlason  
Hrafnhildur Skúladóttir  
Hafðis Skúladóttir  
Sigríður Birna Bragadóttir  
Ámundur Steinar Ámundason  
Hafðis Anna Bragadóttir  
Sara Skúlina Jónsdóttir  
Arnar Ólafsson  
Skúli Bragi Magnússon  
Bragi Pórðarson  
Birgir Pórðarson  
Hilmar Pórarinsson

Anna Þuriður Kristbjörnsdóttir  
Ólafur Jón Guðmundsson  
Magnús Árnason  
Sigurjón Þorsteinsson  
Hrafnhildur Vala Grímisdóttir  
Grímur Arnar Ámundason  
Arnar Már Þimonarson

Árni Pórður Magnússon  
Elin Þorvaldsdóttir  
Ása Gústavsdóttir



**Alhliða útfararbjónusta**

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

**Útfararbjónustan** ehf.  
Stofnað 1990

PETTA GERÐIST: 29. APRÍL 1992

## Óeirðir í Los Angeles

Miklar óeirðir brutust út í Los Angeles í Bandaríkjunum þegar kveðinn var upp dómur í Rodney King-málinu svokallaða árið 1992. Kvíðómur sem samanstóð að mestu leyti af hvítu fólk sýknadíþrjá af fjórum hvítum lögreglumönnum sem voru ákærðir fyrir að nota óhóflegt ofbeldi við handtökum blökkumannsins Rodney King ári áður. Barsmiðarnar náðust á myndband og vöktu mikinn óhug meðal fólkis þar sem lögreglumennirnir sáust ganga í skrokk á King.

Í kjölfar úrskurðarins vaknaði mikil reiði í samfélagi þeldökkra í borginni. Mótmælendur þustu út á götur og skeyttu skapi sínu á því sem fyrir varð.

Þegar spurðist út að lögreglan hefði misst öll

tök í nokkrum hverfum borgarinnar og vildi eða

gæti ekki framfylgt þar lögum fóru mótmælendur að kveikja í verslunum og fyrirtækjum á svæðinu.

Búðir stóðu tómar, þar sem þúsundir manna höfðu látið greipar sópa um þær.

Mestu lætin stóðu yfir í two daga, en uppþot-



inu lauk þó ekki að öllu fyrr en nokkrum dögum síðar. Smærri óeirðir brutust einnig í San Francisco, Las Vegas, New York, Seattle, Atlanta og Fresno.

Talið er að um 55 hafi látt og um 2.000 særst í

óeirðunum í Los Angeles. 12 þúsund voru hand-

teknir og eignatón var gríðarlegt. Lögreglumennirnir sem höfðu hlotið sýknudóminn voru síðar

dæmdir af alríkisdómstólum fyrir að brjóta á

mannréttindum Rodney King. Hann hlaut tærpar

fjórar milljónir dala í baetur frá Los Angeles-borg.

## MERKISATBURÐIR

1106 Jón Ögmundsson er vígður fyrsti Hólabiskup.

1945 Adolf Hitler kvaenist Eva Braun.

1945 Bandarísk herlið frelsa fólk úr útrýmingarþóðum Þjóðverja í Dachau.

1967 Breski landhelgisbrjóturinn Brandur strýkur úr Reykjavíkurhöfn með two íslenska lögregluþjóna um borð.

1994 Halldór Ásgrímsson tekur við formennsku í Framsóknarfloknum af Steingrimí Hermannssyni.

1998 Varðskip kemur með stóra flotkví til Hafnarfjörðar. Flutningur hennar frá Bretlandi tók einn mánuð.



MIKILS METINN STUÐNINGUR Helga Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Einstakra barna, segist finna fyrir mikilli samkennd meðal foreldra í félaginu.

FRÉTTABLAÐID/VILHELM

## EINSTÖK BÖRN: FAGNA ÁRATUGSAFMÆLI Í DAG

# Samkenndin er mikil

Félagið Einstök börn fagnar tíu ára afmæli sínu í dag. „Félagið var stofnað af þrettán fjölskyldum sem áttu í rauninni ekki heima í neinum örðrum starfandi félögum,“ sagði Helga Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Einstakra barna. „Í félaginu eru foreldrar barna sem eru með það sjaldgæfa sjúkdóma, að barnið er kannski það eina á landinu, og jafnvel í heiminum, sem er með þann sjúkdóm,“ bætti hún við. Í dag eiga 137 fjölskyldur aðild að Einstökum börnum, sem hefur um 80 mismunandi sjúkdóma á skrá.

Helga segist finna mikla samkennd meðal foreldra, þó að börn-in kljáist við mismunandi sjúkdóma.

„Þegar fólk stendur frammi fyrir því að það er eitthvað alvarlegt og mikil að hjá barni pess, þá leitar það auð-

vitað fyrst í fjölskylduna sína. En síðan finnst manni svo gott að komast í samband við einhvern sem hefur svipaða reynslu,“ sagði Helga. „Við fáum stuðning hvert frá öðru, þó svo að börnin séu ekki með nákvæmlega sama sjúkdóm,“ sagði hún.

Félagið styður einnig við bakið á foreldrum og hefur til að mynda styrkt fjölskyldur til að halda á ráðstefnur erlendis. „Þótt barnið sé það eina á landinu með einhvern ákvæðinn sjúkdóm eru samt oft fjölskylduráðstefnur um þennan sama sjúkdóm í boði erlendis,“ sagði Helga. „Fólk hefur verið gríðarlega ánægt með að geta sótt þær,“ sagði hún.

ásamt bremur öðrum liðum um eitt laust sæti í Meistaradeildinni. Grétar hefur áður sagt í viðtali við Fréttablaðið að honum finnist það fyrirkomulag einfaldlega „fáranlegt“.

- esá

Úrslit ráðast í Evrópukeppnum í handbolta:

## Sigfús verður í eldlín- unni á Spáni í dag

**HANDBOLTA** Í dag verður leikið til úrslita í Evrópukeppnum í handbolta. Sigfús Sigurðsson er eini Íslendingurinn sem verður í eldlínunni í dag en hann og félagar hans í Ademar Leon taka á móti Hamburg á Spáni. Leikurinn er sá síðari í úrslitum Evrópukeppni bikarhafa en þeim fyrri lauk með fjögurra marka sigri Þjóðverjanna, 28-24. Sigfús hefur átt við meiðsli að striða en verður væntanlega klár í slaginn í dag.

Stærsti leikurinn í dag verður bó án efa leikur Flensburg og Kiel í úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Fyrri leiknum lauk með jafntefli, 28-28, á heimavelli Flensburg. Leikurinn verður í beinni útsendingu á Sýn og hefst útsending klukkan 15.20.

Í EHF-bikarkeppninni keppir gamalt Íslendingalið, Magdeburg, til úrslita gegn Aragón frá



**GÓÐUR SIGUR** Leikmenn Hamburg fagna sigrinum gegn Ademar Leon í Þýskalandi um síðustu helgi.

NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Spáni. Fyrri leiknum lauk með jafntefli á Spáni og stendur því Magdeburg vel að vígi fyrir leik dagsins.

- esá

# BT

## FERDATÖLVA Á SUMARVERDI


16.000  
VERÐLÆKKUN

**FUJITSU** COMPUTERS  
**SIEMENS**

Vatnslas tilboð eru miðot yfir manadarlegar þáðar græðidur á Visa og Mastercard skuldbórlæfi með 3,5% störfum og lánþóldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifts jaft yfir samningstímann.



CCN:ISL-110103-001  
FSC AMILO PI CORE2 VISTA  
Intel Core 2 Duo T5500  
15.4" WXGA Crystal View  
ATI Mobility Radeon x1400 128MB  
1024MB DDR533 Vinnsluminni  
160GB SATA 5400rpm Hardur diskur  
DVD skrifari Dual Layer  
Innbyggt þráðlaust skjákort  
Firewire - DV Ready  
Kortalesari 4 - 1  
Microsoft Windows Vista Premium  
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum



0%  
VEXTIR

11.999\*

**Intel Core 2 Duo**  
Nýjasta fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkasta-geta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

**ATI Radeon X1400 512MB**  
Aflmikið skjákort fyrir myndvinnslu og tölvuleiki. Gerðu kröfur um það besta.

**1GB Vinnsluminni**  
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hráða vinnslu.

**BT LÁN™**  
11.999\*  
12 mánaða  
143.988  
Staðgreitt

**160GB Hardur diskur**  
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 160GB hörðum disk.

**15.4" Crystal View skjár**  
Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjáinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

**Windows Vista Premium**  
Nýja stýrkerfið frá Microsoft. Öruggara, einfaldara og flottara. Mikið af nýjum möguleikum með Vista.

## TOSHIBA

PLUA1E-01801KN5  
TOSHIBA SATELLITE U200-198  
Intel® Core 2 Duo T5500  
12.1" Wide XGA skjár  
- upplausn 1280 x 800  
Intel 945GM Calistoga skjákort  
512MB DDR Minni  
60GB SATA S.M.A.R.T Hardur diskur  
DVD skrifari Dual Layer  
Práðlaust netkort Intel ABG  
Kortalesari 4 - 1

BlueTooth  
SRS® TruSurround XT™  
Vökvaþolið lyklaborð  
Fingrafaralesari - Biometric  
Innbyggður mikrafónn  
Shock resistant  
3D Shock resistant Hardur diskur  
Rafhlöðuending 5:01  
IEEE 1394 - DV Ready  
Aðeins 1.86 kg  
Windows XP Professional



30.000  
VERÐLÆKKUN

**Core 2 Duo**  
5 klst. rafhlaða  
1,86 kg á þyngd

119.999

11.968\*  
12 mánaða  
6.578\*\*  
24 mánaða  
4.781\*\*\*  
36 mánaða

## MEDION

6363IS  
MEDION V10 M2 VISTA  
Intel® Celeron D 360 (3,46GHz)  
nVidia GeForce 7300 SE - 256 MB TC  
- TV out - D-SUB  
160 GB 8MB 7200 rpm SATA  
512 MB DDR2-RAM PC4300 (533MHz)  
DVD Skrifari Dual Layer  
Práðlaust netkort  
LAN 10/100 Mbit  
IEEE1394/Firewire - DV Ready  
Lyklaborð og Mús  
-- Hugbúnaður ---  
Windows Vista Basic  
Power DVD  
Nero Burning ROM Software  
Nero Recode 2SE  
Antivirus (90 days)



25.000  
VERÐLÆKKUN

•FYLGIR  
RUGL  
VERÐ!

69.999

94.999  
7.061\*  
12 mánaða  
3.024\*\*  
24 mánaða  
2.851\*\*\*  
36 mánaða

**Intel Celeron D360**  
Nýju Intel Celeron D örðjörvarnir ráða vel við hefðbundna heimilisnotkun.

**nVidia GeForce 7300SE 256MB**  
Skjákort sem virkar vel fyrir langflesta tölvuleiki. Með útgang fyrir sjónvarp.

**512MB Vinnsluminni**  
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hráða vinnslu.

**BT LÁN™**  
7.061\*  
12 mánaða  
3.024\*\*  
24 mánaða  
2.851\*\*\*  
36 mánaða

**160GB Hardur diskur**  
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 160GB hörðum disk.

**Windows Vista Basic**  
Nýja stýrkerfið frá Microsoft. Öruggara, einfaldara og flottara. Mikið af nýjum möguleikum með Vista.

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

## Enska úrvvalsdeildin

**BLACKBURN-CHARLTON** 4-1  
1-0 Jason Roberts (60.), 1-1 Darren Bent (71.), 2-1 Hermann Hreiðarsson, sjálfsmark (77.), 3-1 Jason Roberts (80.), 4-1 Matt Derbyshire (83.).

**CHELSEA-BOLTON** 2-2  
0-1 Lubomir Michalik (19.), 1-1 Salomon Kalou (22.), 2-1 Kalou (34.), 2-2 Kevin Davies (54.).

**EVERTON-MANCHESTER UNITED** 2-4  
1-0 Alan Stubbs (12.), 2-0 Manuel Fernandes (50.), 2-1 John O'Shea (61.), 2-3 Wayne Rooney (79.), 2-4 Chris Eagles (93.).

**MANCHESTER CITY-ASTON VILLA** 0-2  
0-1 John Carew (24.), 0-2 Shaun Malone (75.).

**MIDDLESBROUGH-TOTTENHAM** 2-3  
0-1 Robbie Keane (12.), 0-2 Dimitar Berbatov (47.), 1-2 Mark Viduka (66.), 1-3 Keane (83.), 2-3 Emanuel Pogatetz (89.), 0-2 Berbatov (92.).

**PORTSMOUTH-LIVERPOOL** 2-1  
1-0 Benjamin Mwaruwari (27.), 2-0 Niko Kranjcar (32.), 2-1 Sami Hyypää (59.).

**WIGAN-WEST HAM** 0-3  
0-1 Luis Boa Morte (30.), 0-2 Yossi Benayoun (57.), 0-3 Marlon Harewood (82.).

## STADAN

<b>MAN. UNITED</b>	<b>35</b>	<b>27</b>	<b>4</b>	<b>4</b>	<b>82-26</b>	<b>85</b>
<b>CHELSEA</b>	<b>35</b>	<b>24</b>	<b>8</b>	<b>3</b>	<b>62-22</b>	<b>80</b>
<b>LIVERPOOL</b>	<b>36</b>	<b>20</b>	<b>7</b>	<b>9</b>	<b>55-24</b>	<b>67</b>
<b>ARSENAL</b>	<b>35</b>	<b>18</b>	<b>9</b>	<b>8</b>	<b>59-33</b>	<b>63</b>
<b>BOLTON</b>	<b>36</b>	<b>16</b>	<b>7</b>	<b>13</b>	<b>44-47</b>	<b>55</b>
<b>EVERTON</b>	<b>36</b>	<b>14</b>	<b>12</b>	<b>10</b>	<b>48-35</b>	<b>54</b>
<b>PORTSM.</b>	<b>36</b>	<b>14</b>	<b>11</b>	<b>11</b>	<b>45-39</b>	<b>53</b>
<b>TOTTENHAM</b>	<b>35</b>	<b>15</b>	<b>8</b>	<b>12</b>	<b>52-52</b>	<b>53</b>
<b>READING</b>	<b>35</b>	<b>15</b>	<b>6</b>	<b>14</b>	<b>48-42</b>	<b>51</b>
<b>BLACKBURN</b>	<b>35</b>	<b>14</b>	<b>5</b>	<b>16</b>	<b>46-50</b>	<b>47</b>
<b>ASTON VILLA</b>	<b>36</b>	<b>10</b>	<b>16</b>	<b>10</b>	<b>38-39</b>	<b>46</b>
<b>NEWCASTLE</b>	<b>35</b>	<b>11</b>	<b>9</b>	<b>15</b>	<b>37-43</b>	<b>42</b>
<b>MAN. CITY</b>	<b>36</b>	<b>11</b>	<b>9</b>	<b>16</b>	<b>28-41</b>	<b>42</b>
<b>M'BROUGHT</b>	<b>36</b>	<b>10</b>	<b>10</b>	<b>16</b>	<b>40-48</b>	<b>40</b>
<b>SHEF. UTD.</b>	<b>36</b>	<b>10</b>	<b>8</b>	<b>18</b>	<b>31-50</b>	<b>38</b>
<b>FULHAM</b>	<b>35</b>	<b>7</b>	<b>15</b>	<b>13</b>	<b>35-54</b>	<b>36</b>
<b>WIGAN</b>	<b>36</b>	<b>9</b>	<b>8</b>	<b>19</b>	<b>35-57</b>	<b>35</b>
<b>WEST HAM</b>	<b>36</b>	<b>10</b>	<b>5</b>	<b>21</b>	<b>31-58</b>	<b>35</b>
<b>CHARLTON</b>	<b>36</b>	<b>8</b>	<b>9</b>	<b>19</b>	<b>32-56</b>	<b>33</b>
<b>WATFORD</b>	<b>36</b>	<b>4</b>	<b>12</b>	<b>20</b>	<b>26-58</b>	<b>24</b>

## Mourinho neitar að gefa titilinn eftir

Prátt fyrir skelfilega byrjun á leikjum gærdagsins í toppbaráttu ensku úrvvalsdeildarinnar stóð Manchester United eftir með fimm stiga forstu á Chelsea í leikslok. Mourinho neitar þó að gefast upp.

**FÓTBOLTI** „Petta er ekki búið því bað er enn stærðfrædilegur möguleiki á að vinna titilinn,“ sagði Jose Mourinho, heldur svekkur knattspyrnustjóri Chelsea, eftir leiki gærdagsins í toppslag ensku úrvvalsdeildarinnar. Hans menn höfðu yfirhöndina gegn Bolton í dag á sama tíma og Manchester United var 2-0 undir á móti Everton. Þau úrslit hefðu þýtt að Chel-

sea hefði jafnmögorg stig og United. En þá settu leikmenn Manchester United í fluggírinn og unnu sinn leik 4-2. Á sama tíma misstu leikmenn Chelsea sinn leik í jafntefli og þar með var munurinn á liðunum kominn í fimm stig.

Mourinho viðurkenndi þó að United væri í vænlegri stöðu. „Á meðan möguleikinn er enn fyrir hendi verð ég að halda í trúna. En betta er næstum því glatað – næstum því. Peir verða að tappa tveimur leikjum og við verðum að vinna alla okkar þrjá,“ sagði Mourinho.

Kollegi hans hjá United var þó vitanlega hæstánægður með sína menn, þrátt fyrir að liðið lenti 2-0 undir í leiknum gegn Everton.

„Petta var merkilegur dagur þar sem við jukum forskot okkar,“ sagði Alex Ferguson. „Leikmennir voru frábærir og gáfurst aldrei upp. Petta var stórbrotinn sigur hjá okkur, sérstaklega á bessu stigi tímabilsins. Við höfum spilað á réttan máta og ef við vinnum deildina verður það verðskuld að,“ bætti hann við.

Everton komst yfir er Michael Carrick breytti stefnu boltans eftir aukaspýrnu Alans Stubbs. Manuel Fernandes skoraði glæsilegt mark á 50. mínutu og jók þá fyrstu Everton.

En tvö mistök leikmanna Everton reyndust kostnaðarsöm.



**TAUMLAUS GLEÐI** Alex Ferguson hljóp að þeim Michael Carrick og Cristiano Ronaldo eftir sigurinn á Everton og fagnaði með þeim.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Fyrst missti Ian Turner, markvörður Everton, boltann úr höndum sér eftir hornspýrnu og John O'Shea skoraði auðveldlega. Þá skorði Phil Neville sjálfsmark skömmu síðar en hann var áður leikmaður Manchester United.

Wayne Rooney og varamaðurinn Chris Eagles tryggðu svo United sigurinn með tveimur glæsilegum mörkum. Kevin Davies var hetja Bolton

og um leið Manchester United er hann jafnaði metin gegn Chelsea með skalla af stuttu færí í síðari hálfliek liðanna.

Lubomir Machalik kom Bolton reyndar yfir en Salomon Kalou jafnaði metin með skalla skömmu síðar. Kalou var svo aftur að verki í síðara markinu er hann skallaði boltann í stöngina en boltinn fór af Jussi Jaaskelainen og inn.

eirikur@frettabladid.is



**SVEKKTUR** Jose Mourinho átti erfitt með að leyra vonbrigðum sínum eftir leikinn gegn Bolton í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

## Fjögurra vikna LUXUS námskeið



Gunnar Már Sigfússon  
FIA Einkapjálfari

- **Brennsla, styrking.** 3 hóptímar í viku þar sem áhersla er á brennslu, þol og styrk.
- **Styrking/Superset.** Til að hámarka brennslu og styrk 2 tímar í viku í tækjasal.
- **Vikulegar mælingar.** Vigtun, fitumæling og ummálmæling
- **Ítarleg næringarráðgjöf.** 3 frábærir fyrirlestrar um líkamann, næringu og hugann. **Leydarmálið** – Fjallar um að virkja kraft hugans og temja sér hugsunarhátt sem veitir þér það sem þú bráir. **Lifraðinn frumskógr** – Viltu vita hvað aduki baunir, quinoa og tahini eru. Við kennum þér að versla, elda og njóta lifraðinnar fæðu. Fullt af uppskriftum og smakki. **Afeitrun líkamans** – Hvernig á að fasta og hvað það gerir fyrir þig. Farið yfir skaðleg efni og hvað ber að varast.
- **Vikulegar uppskriftir.** Hollar uppskriftir, ráð og fróðleikur
- **Heilsudrykkur í lok hvorrar æfingar.**
- **Slökun og herðanuddi** í pottunum að æfingu lokinni.
- **Takmarkaður fjöldi** í hverjum hópi.
- **Tímar** kl. 16:30, 17:30 og 18:30.

**Nýtt námskeið hefst 7. maí**  
Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is

NORDIC SPA



GÓDIR FÉLAGAR Dave Whelan, eigandi Wigan, tók vel á móti Eggerti Magnússyni fyrir leikinn gegn West Ham í gær. Eggert brosti væntanlega allan hrингinn eftir sigur sína manna.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Botnbaráttan æsispennandi í ensku úrvvalsdeildinni: **Ekki öll nött úti enn fyrir West Ham**

**FÓTBOLTI** Eggert Magnússon, stjórnarformaður West Ham, gat leyft sér að fagna vel og innilega eftir afar dýrmætan og mikilvægan sigur á Wigan í botnbaráttunni í ensku úrvvalsdeildinni. West Ham er reyndar enn í fallsæti en liðið á nú þokkalega möguleika á að bjarga sér frá falli.

„Við erum enn á lífi,“ sagði Alan Curbishley, stjóri West Ham, eftir leikinn. „Það var frábært að koma hingað og sigra 3-0. Við lékum afar vel og verðum við að halda því áfram í næsta leik. Við eignum nú two leiki eftir og þurfum á öllum þeim stigum sem við getum náð að halda,“ sagði Curbishley.

West Ham mætur Bolton í næsta leik og Manchester United á útvelli í lokumferðinni. Stuðningsmenn West Ham binda því aðallega vonir sínar við fyrri leikinn



**MIKIL VONBRIGÐI** Stuðningsmenn Charlton trúðu varla eigin augum í gær er liðið fékk að sig þrjú mörk á sex mínutna kafla undir lok leikins gegn Blackburn í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY

því ljóst er að róðurinn verður bungur á Old Trafford. Hermann Hreiðarsson og félagar hans í Charlton upplifðu hreinréktaða martröð þegar liðið tapaði 4-1 fyrir Blackburn á útvelli. Hermann var reyndar svo óheppinn að skora sjálfsmark í leiknum.


Fyrir vikið færðist Charlton í næstneðsta seti deildarinnar og er nú tveimur stigum á eftir West Ham og Wigan. Fulham er reyndar ekki enn sloppið við fall en liðið hefur einu stigi meira en tvö síðastnefndu liðin.

„Þróun málá í dag var okkur ekki í hag,“ sagði Alan Pardew, stjóri Charlton, eftir leik. „Blackburn var betra liðið í fyrri hálfliek án þess þó að hafa farið af illa með okkur. Það var líka mikil synd að Scott Carson (markvörður) skyldi mistakast er þeir skoruðu fyrsta markið því hann hefur líklega verið okkar besti maður á tímabilinu.“

Ben Thatcher fékk að líta rauða spjaldið á 64. mínutu leikins þegar staðan var enn jöfn. „Eftir að við misstum manna út af héldum við áfram að berjast og eg hélt að við myndum vinna leikinn. En það fór á annan veg,“ sagði Pardew.

Sheffield United fór reyndar rangt með að bjarga sér frá falli með 1-0 sigri á Watford sem er þegar fallið úr úrvvalsdeildinni.

- esá



**GORDON HEITUR** Ben Gordon reynir hér að komast fram hjá Dwyane Wade í leik Chicago og Miami í fyrrinótt.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Úrslitakeppnin í NBA:

## Meistararnir í miklum vanda

**NBA** Miami Heat er á leið úr úrslitakeppni NBA-deildarinnar eftir að hafa tapað briða leiknum í röð fyrir Chicago Bulls í fyrrkvöld, 104-96. Miami varð meistari í fyrra og er betta í fyrsta sinn í sögunni sem ríkjandi meistarar lenda 3-0 undir í fyrstu umferð úrslitakeppninnar.

Ben Gordon var sem fyrir í miklu stuði fyrir Chicago-liðið en hann skoraði 27 stig í leiknum. Hann segir það mikið proskamerki á leik liðsins að það hafi unnið meistarana á þeirra eigin heimavelli. „Nú verðum við einfaldega að halda áfram á sömu braut í næsta leik,“ sagði Gordon.

Önnur óvænt úrslit litu dagsins ljós í fyrradag er Golden State vann Dallas, 109-91, og komst þar með í 2-1 fyrstu í rímmunni. Dallas vann Vesturdeildina en Golden State rétt svo slapp inn í úrslitakeppnina í fyrsta sinn í þrettán ár. Jason Kidd fór á kostum með Golden State og náiði þrefaldri brennu. Hann gerði sextán stig, tók sextán frákost og gaf nítján stoðsendingar.

Fjórði leikur Miami og Chicago verður í beinni útsendingu Á Sýn Extra í dag klukkan 17. - esá

Lengjubikar kvenna:

## KR mætir Val í úrslitum

**FÓTBOLTI** Undanúrslit í Lengjubikarkeppni kvenna fóru fram á Stjörnuvelli í gær. Í fyrri leiknum vann Valur Keflavík 3-0. Margrétt Lára Viðarsdóttir skoraði tvö marka Vals, hið fyrra úr vitaspurnu.

Í hinum leiknum tryggði Olga Færseth KR-ingum 1-0 sigur á Breiðablikki. Það verða því KR og Valur sem mætast í úrslitaleiknum á föstudaginn kemur en leikurinn fer fram í Egilshöllinni og hefst klukkan 19.15.

Þá fóru fram undanúrslit í B-deild Lengjubikarsins í gær. Fjarðabyggð vann Selfoss 1-0 og mætir Aftureldingu sem vann Hauka örugglega, 4-0. - esá

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### Norska úrvallsdeildin

VÄLERENGA-STRÖMGODSET 0-0  
Árni Gautur Arason lék allan leikinn í marki Välerenga.

### Pýska úrvallsdeildin

BOCHUM-HANNOVER 96 2-0  
Gunnar Heiðar Þorvaldsson lék ekki með Hannover vegna meiðsla.  
HAMBURGER SV-WOLFSBURG 1-0

### Ítalska úrvallsdeildin

TORINO-AC MILAN 0-1  
0-1 Clarence Seedorf (26.).  
FIORENTINA-CHEVE 1-0  
1-0 Ferreira Reginaldo (64.).

Eitt fornfrægasta félag í ensku knattspyrnunni er svo gott sem fallið í C-deildina:

# Leeds á leið í C-deildina í fyrsta sinn í sögunni

**FÓTBOLTI** Aðeins sex árum eftir að Leeds komst í undanúrslit Meistaraðeildar Evrópu blasir fall í ensku C-deildina við liðinu. Liðið gerði í gær 1-1 jafntefli við Ipswich og er staðan í deildinni bannig að liðið þyrti að helst að vinna átta marka sigur í lokaumferðinni um næstu helgi og treysta að Hull tapti sínum leik.

Richard Cresswell kom Leeds yfir í gær á 12. mínuðu en ógæfan dundi yfir á 88. mínuðu er Ipswich jafnaði metin.

Stuðningsmenn Leeds voru margir hverjir svo reiðir að þeir réðust inn á völlinn áður en leiknum lauk og þurfti að bíða í þrjátíu

mínútur þar til hægt var að spila síðstu mínuðu leiksins.

„Pessar gjörðir stuðningsmanna Leeds gætu haft alvarlegar afleiðingar fyrir félagið,“ sagði John Nagle, talismaður ensku Championship-deildarinnar.

Dennis Wise, stjóri liðsins, var fenginn til liðsins fyrr í veturn til að bjarga liðinu frá liði. Það virðist ekki ætla að takast og var hann heldur fámáll í leikslók. „Þetta er nógur sorglegur dagur fyrir. Ég vil ekki ræða um það sem gerðist í lok leiknaða,“ sagði Wise.

Gylfi Einarsson var sem fyrr ekki í náðinni hjá Wise og var hann ekki í leikmannahópi liðsins

í gær. Hann er samningsbundinn liðinu í eitt ár til viðbótar en líklegt verður að teljast að hann söðli um í sumar. Hann hefur afar lítið komið við sögu hjá liðinu í veturn.

Falli liðið verður það í fyrsta sinn í 88 ára sögu félagsins sem það leikur ekki í einni af efstu tveimur deildunum í Englandi. Liðið á sér mikla sögu og fjöldamarga aðdáendur viða um heim, þar af fjölmarga á Íslandi. - esá

### MÍKIL SORG

Pessi stuðningsmaður Leeds gat ekki haldið aftur af tárnum þegar ljóst varð í hvað stefndi.

NORDIC PHOTOS/GETTY



# Fjölbreytt störf í boði

## Slástu í för með okkur og vertu hluti af öflugri heild



### Við leitum að fólki í fastar stöður við ræstingar og stjórnunarstörf

#### Flokkstjóri á svæði 105,110 og 108 - vinnuhlutfall 100%

Starf flokkstjóra felst m.a. í:

Umsjón, undirbúnungi og stjórnun á verkstað  
Ræsting á verkstað  
Samskiptum við verkkaupa  
Kennslu og þjálfun starfsmanna

I þessu starfi er áhersla er lögð á lipurð í samskiptum, nákvæmni og þjónustuvilja.

#### Sérhæft skrifstofustarf

Starfið felst m.a. í eftirfarandi:

Tilboðsgerð og sölu  
Útreikningar  
Skráningar  
Utanumhald sérverkefna  
Samskipti við viðskiptavini

#### Kröfur:

Frumkvæði  
Góð tölvukunnáttu  
Skipulögð vinnubrögð  
Þjónustuvilja og samskiptahæfni

Umsóknun fyrir störf þjónustufulltrúa og þjónustufulltrúa sérverkefna skal skilað til skrifstofu ISS Ísland ehf., Ármúla 40, 108 Reykjavík, merkt „þjónustufulltrúi“.

Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu ISS Ísland, [www.iss.is](http://www.iss.is)

Umsóknarfrestur rennur út mánuðaginn 7. maí n.k.

#### Þjónustufulltrúi

Starf þjónustufulltrúa felst m.a. í eftirfarandi:

Ráðning starfsmanna  
Kennsla og þjálfun  
Umsjón með verkgæðum  
Sala  
Gerð verklýsinga  
Samskipti við viðskiptavini

#### Kröfur:

Reynsla af stjórnun  
Frumkvæði  
Góð tölvukunnáttu  
Skipulögð vinnubrögð  
Þjónustuvilja og samskiptahæfni

Þjónustufulltrúi vinnur mjög sjálfstætt og hefur frjálsan vinnutíma sem er verkefnatengdur. Starfinu fylgja heimsóknir í fyrirtæki og hefur hann bifreið og síma til umráða.

#### Sumarstörf

Um er að ræða fjölbreytt störf sem eru m.a.:

Ræstingar  
Mötuneytisumsjón/aðstoð í mötuneyti skrifstofuaðstoð/móttaka  
Ýmis sérverkefni

Við bjóðum upp á störf á öllum tínum sólahringsins, alla daga vikunnar, þar sem vinnuhlutfall er frá 25 - 100%.



Upplýsingar um störfir veitir Ólöf, umsóknareyðublöð fást á skrifstofu ISS Ísland að Ármúla 40, 3.hæð og á heimasíðu [www.iss.is](http://www.iss.is).

Sími 5 800 600. Netfang: [olof@iss.is](mailto:olof@iss.is).

ISS Ísland ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði fasteignaumsjónar. ISS byður upp á þjónustu á sviði daglegra ræstinga, þrífa í matvælaiðnaði, hreingerninga, mötuneytisumsjón og fleira. Hjá ISS starfa yfir 800 manns á aldrinum 16 - 80 ára.

**Richard Gere**

Gere hefur iðkað búddatrú í mörg ár og er dyggur stuðningsmaður Dalai Lama. Hann hefur barist fyrir mannréttindum í Tibet og stofnaði Tíbet-safn í New York. Gere hefur einnig verið starfað að öðrum baráttumálum svo sem eyðinvandanum og gróðurhúsaáhrifum. Gere leikur í myndinni Shall We Dance? sem sýnd verður á Stöð 2 kl. 00.35.

# dagskrá

**EKKI MISSA AF**

► **20.05** Listahátið í Reykjavík SJÓNVARPIÐ



► **20.25** Cold Case STÖÐ 2



► **20.00** The prince and me STÖÐ 2 BÍÓ



► **20.15** The Nine SÍRKUS



► **21.30** Boston Legal SKJÁREINN

**SJÓNVARPIÐ**

**08.00** Morgunstundin okkar **08.01**  
Matti morgunn **08.13** Hopp og hí Sessamí  
**08.37** Friðþjófur forvitni **09.00** Disneytundin **09.01** Alvöru dreki **09.23** Síglar teiknmyndir **09.30** Suðandi stuð **09.54** Tobbi tvívar **10.17** Allt um dýrin

**10.55** Jón Ólafs  
**11.35** Spaugstofan  
**12.05** Hundar og kettir (Cats and Dogs)  
**13.30** Talið í Söngvakeppni (1:3) e.  
**14.00** Alþingiskosningar 2007 - Kjör-dæmin (4:6)  
**15.05** Gerir fiskát börnin greind?  
**16.05** Íþróttir  
**17.50** Táknámsfréttir  
**18.00** Stundin okkar (30:30)  
**18.25** Hænsnakofinn  
**18.38** Óli Alexander filibomm bomm  
**19.00** Fréttir  
**19.30** Veður  
**19.40** Kastljós  
► **20.05** Listahátið í Reykjavík  
**20.40** Hneykslismál (1:2) Bandarísk sjónvarpsmynd um 38 ára samband Jefferson og ambáttar hans Sally Hemings. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.  
**22.10** Helgarsportið  
**22.35** Kvennaskálínn (Pavilion of Women) Kínversk/bandarísk bíómynd frá 2001 byggð á sögu eftir Pearl S. Buck.  
**00.30** Kastljós e.  
**00.55** Alþingiskosningar 2007 (3:6) e.  
**02.10** Útværpsfréttir í dagskrálok

**2 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ**

**06.00** How to Kill Your Neighbor's D  
**08.00** The Full Monty  
**10.00** Dirty Dancing: Havana Nights  
**12.00** The prince and me  
**14.00** How to Kill Your Neighbor's D  
**16.00** The Full Monty  
**18.00** Dirty Dancing: Havana Nights  
► **20.00** The prince and me  
**22.00** Bad Apple Kolsvört gamanmynd þar sem Chris North (Mr. Big í Sex and the City) leikur FBI lögreglumann sem dulbýr sig sem maflíosa.  
**00.00** Possible Worlds  
**02.00** Angels Don't Sleep Her  
**04.00** Bad Apple

**VIÐ TÆKIÐ: SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR LAÐAST AÐ MYRKUM MÖNNUM**

## Kynþokkafullur fjöldamorðingi

Er ekki eitthvað afbrigðilegt við það að bykja fjöldamorðingi kynþokkafullur? Ef svo er, er ég sek um perrahátt því konan er gersamlega fallin fyrir hinum dula og dimma Dexter Morgan í sjónvarpsþáttunum Dexter á Skjá einum. Dexter er fjöldamorðingi og sérlega mikill fagmaður sem sliker. Engan grunar að Dexter, sem starfar sem blóðsleittusérfræðingur hjá lögreglunni í Miami, sé algerlega tilfinningasauður og geri sér upp allar þær tilfinningar sem hann sýnir.

Dexter er þó enginn venjulegur morðingi. Hann fer í manngreinarálit og skipuleggur aftökur sínar vandlega. Aðeins þeir sem skilið eiga að deyja verða fyrir bardínu á hinu dularfulla kyntrölli. Barnaníðingar, morðingjar og aðrir þeir sem gert hafa á hlut þeirra sem



FJÖLDAMORÐINGI Dexter er ekki allur þar sem hann er séður.

ar sem ekki voru til staðar áður og samband hans við kærustuna verður nánara að ógleymuðu sambandi hans við istruksmorðingjann óhugnanlega.

minna mega sín, verða að vara sig, því Dexter hefur völkut auga með slíkum óþjóðalýð.

Par með er þó ekki sagan öll sögð. Enn er margt ósagt um Dexter en í þáttunum er jöfnum höndum sögð saga hans í nútímanum og fortíðinni. Dexter var alinn upp af fóstur föður sínum sem var lögreglumaður og kenndi hann honum allt sem hann þurfti til að dylja sitt réta eðli. Þá er öðru hvor yáð að því að Dexter sé ekki eins tómur og hann vill vera láta. Eftir því sem hann kemst að meiru um fortíð sína koma í ljós tilfinningjann óhugnanlega.

**SKJÁREINN**

**09.15** Vörutorg  
**10.15** Mr. World (e)  
**12.00** According to Jim (e)  
**12.30** MotoGP - Hápunktar  
**13.30** Snocross (e)  
**14.00** Útgáfutónleikar Silviu Night (e)  
**15.00** Queer Eye for the Straight Guy (e)

**16.00** Britain's Next Top Model (e)

**17.00** Innlit / útlit (e)

**18.00** The O.C. (e)

**18.55** Hack (e) Mike Olshanzy, leikinn David Morse á ekki sjö dagana sæla. Hann var rekinn úr lögreglunni fyrir agabrot og gerðist í kjölfarið leigubítljóri.

**19.45** Top Gear (11:20) Breskur bílapáttur með vandaða og óháða gagnryni um allt tengt bílum, skemmtilega daskráliði og áhugaverðar umfjallanir. Nýr BMW sem setur Porche í skuggann, framtíðarsýn í nýjum Mercedes og Ewan McGregor tekur snúning á brautinni.

**20.40** Psych (12:15) Bandarísk gamanserfa um mann með einstaka athyglisgáfu sem bykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál.

**21.30** Boston Legal (17:22) Bráðfyndið lögfraðidrama um skrautlega lögfraðingi í Boston.

**22.30** Dexter (11:12) Bandarísk þáttaröð um dagfarsprúða morðingjann Dexter sem vinnur fyrir lögregluna í Miami. Hann er sjálfskipaður böðull sem myrðir bara þá sem eiga það skilið.

**23.20** C.S.I. (e)

**00.10** Heroes (e)

**01.10** Jericho (e)

**02.00** Vörutorg

**03.00** Óstöðvandi tónlist

**SKJÁR SPORT**

**10.50** Að leikslokum (e)  
**11.50** Liðið mitt (e)  
**12.50** Everton - Man. Utd. (frá 28. apríl)  
**14.50** Arsenal - Fulham (beint)  
**17.00** Ítölsku mörkin (e)  
**18.25** Ítalski boltinn  
**20.30** Arsenal - Fulham (frá í dag)  
**22.30** Ítalski boltinn (frá í dag)  
**00.30** Dagskrálok

**SJÓNVARP NORÐURLANDS**

**12.15** Magasínþáttur - mannlif og menning á norðurlandi. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á Mánuðag.

**OMEGA**

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÁSKRIFT: 515 6100 | VERSLANIR VODAFONE



**ERU MISPYRMINGAR Á ÍSLENSKA HESTINUM ALGENGAR?**

Kompás í kvöld kl. 19:15 – strax á eftir fréttum.



## Í KVÖLD

## STÖÐ 2 KL. 19.15

## Kompás

Kompás fer um víðan völl í þætti kvöld eins en þá verða tekin fyrir þrjú áhugaverð mál. Kompás komst yfir myndir af knapa sem lemur hest. Hestamenn fordæma knapann og segja hræðilegt að sjá svona. En er hér um eínangr-að tilvik að ræða eða birtast hér almenn vinnubrögð tamningamanna á Íslandi? Kompás ræðir við formann Félags tamningamanna, talmann Dýraverndarsamtakana, formann Samtaka félaga hestamanna og yfirdýralækni. Kompás fjallar einnig um átakasvæðin í Úganda þaðan sem óhugnanlegar sögur hafa borist af illvirkjum svokallaðs Frelishers drottins auk þess sem sagt verður frá för Guðjóns Sigurðssonar, formanns MND félagsins, til Mongóliu.



## ► Við mælum með Kvenna-skálinn Sjónvarpið kl. 22.35

Pessi kínversk/bandárísa bíómynd frá 2001 er byggð á sögu eftir Pearl S. Buck. Seinni heimsstyrjöldin vofir yfir og innan velstæðrar fjölskyldu í Kína er tekist á um hefðir, kommunínsma og vestrænan hugsunarátt. Leikstjóri er Yim Ho og meðal leikenda eru Willem Dafoe og Yan Luo. Taka skal fram að atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 08.00 Morgunfréttir
- 08.05 Morgunandakt
- 08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni
- 09.03 Tónlist Sólonungssins
- 10.15 Bókmennir eftirstríðsárranna
- 11.00 Guðbjónusta í Hafnarfjarðarkirkju
- 12.00 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Véðurfregnir
- 13.00 Útvärpsleikhúsíð: Ólafur og Ingunn
- 13.45 Sunnudagskonsert
- 14.10 Söngvamál
- 15.00 Stalín á Íslandi
- 16.10 Heim í herað – og aftur til baka
- 17.00 Slöðdegi skógarþúkanna
- 18.25 Auglýsingar
- 18.26 Seiður og hélog
- 18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
- 19.00 Afsprenge
- 19.50 Óskastundin
- 20.35 Sagnaslöð
- 21.15 Laufskálinn
- 21.55 Orð kvöld eins
- 22.15 Til allra átta
- 23.00 Andrarímrur
- 00.10 Útvarað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7** **FM 957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Rádió / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðþjóður

## SÝN

- 08.35 Veitt með vinum (Breiðalsáð)
- 09.05 Spænski boltinn (Atl. Madrid - Betis)
- 10.45 Gillette World Sport 2007
- 11.15 Spænski boltinn (Valencia - Recreativo)
- 12.55 Meistaradeild Evrópu (Chelsea - Liverpool)
- 14.35 Meistaradeildin með Guðna Bergs
- 14.50 Meistaradeild Evrópu - fréttabáttur Allt það helsta úr Meistaradeildinni.
- 15.20 Meistaradeild Evrópu í handbol (Kiel - Flensburg)
- 16.55 Spænski boltinn (Barcelona - Levante)
- 18.50 Spænski boltinn (Atl. Bilbao - Real Madrid)
- 22.50 NBA 2006/2007 - Regular Season (Miami - Chicago)
- 00.50 Meistaradeild Evrópu í handbolta (Kiel - Flensburg)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

- 20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
- 21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
- 22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
- 23.00 Nýjar eignir e.
- 00.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

- 6.05 Fandango **6.30** Lille Nørð **7.00** SportsNord **7.30** Ørfelip **8.00** Julie **8.30** Hannah Montana **8.55** Bernard **9.00** Den europæiske mand **9.30** Mission integration **10.00** TV Avisen **10.10** Boxen **10.25** OBS **10.30** Speedway: Italiens Grand Prix **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **12.45** I lære som stjerner **13.15** Hold masken **13.45** Håndbold Söndag: DM semifinaler **15.30** Sigurðs Björnetime **16.00** Søren Ryge - Mads og Tove i Tim. **16.30** TV Avisen med Sport og Venjet. **17.00** Socialistisk Folkeparti - Landsmøde **17.30** Det store bryllup **18.00** Klovédal i Indonesien **19.00** 21. Söndag **19.40** Söndagssporten med SAS liga **20.05** Cyklus **20.35** De andres smag **22.15** OBS **22.20** Møde med **4.30** Dyrene fra Lilleskovken **5.00** Rasmus Klump **5.10** Palle Cris på eventyr **5.30** Anton - min hemmelige ven **6.00** Postmand Per

## NRK 1

- 6.00 Kalle og Molo **6.25** Bravo Bibbi! **6.40** Disneytmen **7.35** SvampeBob **8.00** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **8.15** Dunder **8.45** Jorda rundt på 80 dagar **11.30** Gunnla i det grønne **12.00** Troens røter **12.30** Der fartøy, flyte kan **13.00** Med design i lomma **13.55** Musikk på söndag: Det beste av Béjart **15.30** Åpen himmel **16.00** Pippi Langstrømpe **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.00** Helleristerne **19.00** USA mot Al-Árian **20.40** Oslo Strykekvartett faller oppover **21.05** Kveldsnatt **21.25** Dok! Russisk eiendomsrulett **22.15** Nytt på nytt **22.45** Ingen grunn til begeistring

## SVT 1

- 6.00 BoliBompa **6.01** Jojos cirkus **6.25** Pingu **6.35** The boy **7.00** Manáid-tv **7.15** Disneydags **8.10** Evas funkarprogram **8.25** Lilla sportspeglar **8.50** Grand Prix **9.25** Carin 21:30 **9.55** Filmkrönikan **10.25** Det känns som fredag **11.25** Stina! **12.25** Kobra **12.55** The day I got the sack **13.20** Quirks **13.25** Leila, néée en France **13.55** Världen **14.55** Når gräsrotterna tar över **15.25** Barnet och orden - om språk i förskolan **15.55** Anslagstavlan **16.00** Pippi Långstrump **16.30** Vi i femman **17.00** Djælefæstar på grönbete **17.30** Rapport **18.00** Hundkoll **18.30** Sportspelen **19.15** Agenda **20.10** Nya drömjobjet **20.40** Vetenskap - forskare mot alla odds **21.10** Rapport **21.20** Lögnens pris **22.20** Brottsskod: Försvunnen **4.00** Gomorron Sverige

2007  
EUROVISION  
LANGAR ÞIG MED EIRÍKI  
TIL HELSINKI?

## TAKTU ÞÁTT Í VIP EUROVISION-LEIK Á SPRON.IS FYRIR 1. MAÍ

Þú gætir unnið ferð og gistingu fyrir two á Eurovision-keppnina í Helsinki ásamt því að vera í fylgdarliði Eiríks og Eurovision-hópsins. VIP-passi veitir aðgang að flottustu Eurovision-partíunum.

Skráðu þig strax á spron.is

spron



„Lærdómur vikunnar er án nokkurs vafa sá að prestarnir afþökkuðu hjónavíglu samkynhneigðra og þetta kennir manni það að skrá sig ekki í þjóðkirkjuna. Svona hugsunarháttur á sér hvergi hlöstæðu nema í svona gömlum stofnunum eins og þjóðkirkjunni.“

Sigvaldi Kaldalóns, útvarpsmaður á FM 957.

## HIN HLIÐIN LÓA HLÍN HJÁLMTÝSDÓTTIR MYNDLISTARMAÐUR

# Spennir aldrei upp regnhlíf innandyra

**Hvað er að fréッta?** Það er allt mjög gott að fréッta, ég var að opna sýningu í 101 gallery og á núna stofufylli af blómvöndum.

**Augnlitur:** Blár.

**Starf:** Myndlistarmaður, myndskreytari og svo er ég í hljómsveit sem heitir FM Belfast.

**Fjólskylduhagir:** Er í sambúð med kærastanum mínum Árna og vinum okkar Hullu og Hrafnhildi.

**Hvaðan eru?** Nú, úr Breiðholtinu.

**Ertu hjátrúarfull?** Já, ég er strangtrúuð 7, 9, 13 manseskja sem spennir aldrei upp regnhlíf innan dýra.

**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Mighty Boosh, Dexter og svo finnst mér skandinavíski Eurovision-þáttur-

inn með Eiríki Haukssyni og félögum afar skemmtilegur.

**Uppáhaldsmatur:** Jólasaltfiskur Neto mágs míns og flest allt sem múa eldar.

**Fallegasti staðurinn:** Dritvík.

**iPod eða geislaspáli:** Hvorugt.

**Hvað er skemmtilegast?** Að leika við Árna, Emil og Lotti, lesa, glápa, tala við vini mína og fjólskyldu og hlæja með systur minni á óviðeigandi stundum.

**Hvað er leiðinlegast?** Bíða, lofa upp í ermina á sér og missa það sem mér er kært.

**Helsti veikleiki:** Ég get ekki sagt nei og lofa því stundum upp í ermina á mér.

**Helsti kostur:** Glæðyndi, býst ég við.

**Helsta afrek:** Að hafa komist í gegnum alla skylduleikfimi í skólaferlinu því ég er afsprunu slakur íþróttamaður.

**Mestu vonbrigðin:** Að hafa ekki orðið barnastjarna.

**Hver er draumurinn?** Að geta unnið við það sem mér finnst skemmtilegast.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Noel Fielding og Lewis Trondheim.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Óréttlæti, kosningaloforð og hátiðnihljóð.

**Hvað er mikilvægst?** Að vera glæður.



VINSTRIHREYFINGIN  
grænt framboð

## KONUKVÖLD Í KRAGANUM

Guðfríour Lilia býður konum í heimsókn í Kragakaffi, Hamraborg 1-3, Kópavogi kl: 20:00

Mireya Samper sýnir myndlist, Katrín Jakobs um rómantík, Kolbrún Halldórs og Svaníð Svavars sýna á sér nýjar hliðar, Thelma Ásdísar kemur á óvart, Birgitta Jónsdóttir flytur ljóð með tónlist, Verðlaunastuttmund Helenu Stefánsdóttur sýnd og Guðrún Gunnars syngur

Komið og njótið kvöldsins  
með VG konum

## Innkaup og vörustjórnun í verslunum

### - Að hámarka virði innkaupa -

Námskeiðið er ætlað þeim sem starfa við innkaup og stjórnun vöruflokka í smásölu og einnig þeim er hafa hug á að stofna verslun og/eða stunda innflutning á vörum.

#### Kennslufyrirkomulag

Námskeiðið er haldið á löntækniðstofnun, Keldnaholti 7. og 8. maí, frá kl. 09:00 til 12:00.

Helstu efnispættir námskeiðsins:

- Hugtök innkaupa og vörustjórnunar
- Innkaup og gerð innkaupaáætlana
- Skipulag flutninga
- Verðlagnig
- Framsetning vara
- Þjónustumarkmið
- Ýmsar greiningar fyrir birgðastjórnun.

**Kennari:** Þorbjörn Stefánsson, rekstrarfræðingur.

#### Upplýsingar og skráning

Hjá **Impru nýsköpunarmiðstöð**  
í síma 570 7100, hjá [brynjasic@iti.is](mailto:brynjasic@iti.is)  
eða á [www.iti.is](http://www.iti.is).



NÁM  
SKEID

LÉTT  
BYLGJAN  
967

RÉTTU LÖGIN... ALLTAFF!

JÓN JÓSEP SÆBJÖRNSSON: ÚTSKRIFAÐIST SEM FLUGPJÓNN

# Úr svörtum fótum í blá

„Þetta fer mér ágaetlega, það er mesta furða. Þetta eru þægileg og góð fót,“ segir Jón Jósep Sæbjörnsson, eða Jónsi í hljómsveitinni í svörtum fötum, sem mun klæðast fagurbláum flugpjónsfötum í háloftunum í sumar.


Í fyrradag útskrifaðist hann sem flugpjónn hjá Icelandair og fór athófnin fram á Hótel Nordica. Alls útskrifuðust 74 flugfreyjur og 11 flugþjónar eftir að hafa lagt hart að sér á sex vikna námskeiði. „Þetta var mjög skemmtilegt námskeið en samt mjög krefjandi og stíft,“ segir Jónsi og viðurkennir að það hafi verið mun erfioðara en hann bjóst við. Meðal annars þurfti hann að læra mikil um öryggiskröfur flugfarþega, enda mikilvægt að flugþjónar og flugfreyjur kunni góð skil á öllu slíku.

Jónsi, sem mun aðallega ferðast um Evrópu í sumar, fer í sitt jómfrúarflug um loftin blá næstkomandi miðvikudag. Þá verður ferðinni heitið til Stokkhólms. Hann hlakkar mikil til og óttast ekki að farþegarnir eigi eftir að trufla hann eitthvað meira en



I GÓÐUM FÉLAGSSKAP Jónsi í góðum félagskap við útskriftina í fyrradag.

FRÉTTABLAÐID/ANTON



I BLÁUM FÓTUM Jónsi í flugpjónsgallanum sem hann mun klæðast í háloftunum í sumar.

kollegana í sumar, brátt fyrir að vera þekkt andlit á Íslandi. „Ég er búinn að fara í reynsluflug og þau hafa gengið ofboðslega vel. Ég ætla bara að vera flugfélaginu til sóma og þetta er eitthvað sem ég hef ekki miklar áhyggjur af. Ég hlakkar virkilega til að vinna með starfsfólk Icelandair því það er alveg frábært fólk.“

Prátt fyrir að vera upptekinn í allt sumar í háloftunum ætlan Jónsi að halda áfram að syngja meðfram fluginu, bæði með I svörtum fötum og einn á báti. „Þetta hefst

allt með góðri skipulagningu. Þau eru líka mjög liðleg hjá Icelandair og maður getur skipulagt fram í tímann með þeirra hjálp,“ segir hann.

Eftir nokkra þásum spilar í svörtum fötum næst á háskólaballi á Broadway 18. maí en að sögn Jónsa er engin plata væntanleg frá sveitinni á þessu ári, enda fjögurra platna samningi við Senu nýlokið. Næst á dagskrá sé að koma sér upp bunka af lögum áður en teknar verða upp fleiri plötur.

freyr@frettabladid.is

## Sonur Ladda ósáttur við þjófnað

Nýkrýndur fyndnasti maður Íslands, Pórhallur Pórhallsson, býsnast yfir því á heimasíðu sinni að Þorsteinn Pór, páttakandi í raunveruleikapáettinum Leitinni, hafi stolið atriði frá sér. Og grætt að hví áframhald í þáttunum. „Hann tók atriði sem ég hef verið með í sambandi við dverga og var að finna á dvd-disknum Uppistand 2006,“ segir Pórhallur í samtalri við Fréttablaðið og fannst það svoltið skriftið að maður sem væri á þeim vettvangi að sýna hvað í honum býr skyldi hafa notað „áðurbirt“ efni. „Grín er reyndar ekki bundið neinum höfundarrétti,“ bætir Pórhallur við en hann fékk sterkt viðbrögð í athugasemdakerfinu á heimasíðunni og vildu sumir væna hann um stjórnustæla. Pórhallur, sem er sonur hins kunna grínara Ladda, segir það af og frá „Ég vildi bara benda á þetta enda fannst mér þetta skriftið.“

Auðunn Blöndal er eldri en tvævetur í gríninu og segir líklegt að þegar einhver segi brandara sé það ekki í fyrsta skipti sem sá brandari heyrist. „Annars er ég bara dómarí og veit því ekkert um þetta,“ segir Auðunn. „Ég held að Þorsteinn hafi ekki hugsað að sonur Ladda væri að gera eitthvað geðveikt og ákveðið að herma eftir því,“ bætir hann við og segir að Pórhallur mætti nú bara vera stoltur af sjálfum sér. „Það hlýtur að teljast hrós fyrir grínara ef menn nota brandarann þeirra,“ segir Auðunn og áréttar að Þorsteinn Pór hafi ekki komist áfram vegna þess hversu vel hann léki dverg heldur af því að hann væri metnaðarfullur og ákveðinn.

-fgg

PÓRHALLUR PÓRHALLSSON Fyndnasta manni Íslands fannst það hjákálegt að sjá stolið grín í Leitinni.



EGILS PREMIUM OG MASTERCARD Í SAMVINNU VIÐ CONCERT KYNNA MED STOLTI



16 DAGAR Í  
**JOSH  
GROBAN**

AUKA-  
TÓNLEIKAR  
15. MAÍ

ERT ÞÚ BÚIN  
AÐ TRYGGJA  
ÞÉR MIÐA?

MIÐASALA  
Í FULLUM  
GANGI!



To book and receive 20% off for the concert fan club information  
go to [joshgroban.com](http://joshgroban.com)



LÉTTÖL



20% afsláttur af öllum viðburðum Concert  
ef greitt er með MasterCard á sérstökum  
MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef  
tónlistarklubbs MasterCard, [www.kreditkort.is/klubbar](http://www.kreditkort.is/klubbar)

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA  
Á [WWW.MIDI.IS](http://WWW.MIDI.IS) OG Í  
VERSNUM SKÍFUNNAR

Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði



# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



**BAKPANKAR**

DAVÍÐS ÞÓRS JÓNSSONAR

*Heill her af  
ljóskum*

Nú er búið að semja við Norðmenn um að verja landið. Mér finnst það allt of galið til að annað sé hægt en að vera í skýjum með það. Það er svo arfavitlaust að maður getur ekki annað en borið einhverja ankannalega og öfugsnúna lotningu fyrir þeim sem hrinda þvíslku í framkvæmd. Og sjá ekkert athugavert við það.

**NORÐMENN** eru sem sagt ekki sætasta stelpan á ballinu heldur eittthvað sem gerir sama gagn, svo vitnað sé í pólitískra greiningu forsaetisráðherra á ástandinu nýlega. Fyrir þá sem ekki skilja líkinguna þá er hún sótt í angist kynsveltra strákpjakka. Forsætisráðherra lýsti því með örðrum orðum yfir að hann vildi fá her af sömu örvæntingu og síðferöilegu forsendum og kynsveltur unglingspiltur á þjóðhátið í Eyjum drátt.

**TIL** gamans má geta þess að forsaetisráðherra finnst alveg hræðileg kvenfyrirlitning í því fólgin að kalla menntamálaráðherra ljósuk og minnast á það hvar hún starfar.

**ANDSTÆÐINGUM** hernaðar hefur verið núið því um nasir að vera andvígir Landhelgisgæslunni, hjálparsveitum og flugbjörgunarstarfi, því norskur her muni aðstoða við þetta allt. Í áróðurskyni mætti bæta við þetta ýmsu örðru sem ríkisstjórnin hefur vanrækt til jafns við þetta þrennt, svo sem aðhlynningu sjúkra og aldráðra. Væri ekki þjóðráð að láta norska herinn annast hana líka? Þá værum við hernaðarandstæðingar líka orðnir óvinir fatlaðra, aldraðra og öryrkja. Af hverju ætti það frekar að vera í verka-hring ríkisstjórnar Noregs að annast landhelgisgæslu Íslendinga en að hjúkra Íslendingum?

**SNIÐUGUST** finnst mér þó sú röksemdafærsla að hernaðarandstæðingar eigi að vera ánægðir með að fá herinn af því að norska ríkisstjórnin sé svo vinstrisinnuð. Pessi málflutningur ber vott um mun öflugra hugmyndaflug en maður á að venjast úr þessari átt. Öll þau ár, sem pólitisk sannfæring min var þrunin andúð á Davið Oddssyni og öllum hans verkum, datt mér aldrei í hug að þar sem hann væri sefasjúkur aðdáandi Margrétar Thatcher væri hann í hrópandi mótsögn við sjálfan sig fyrst hann flytti ekki kjarnorku-úrgang frá Bretlandi til landsins í stórum stíl.

**ÉG** hafði einfaldlega ekki ímyndunarafli til að leggjast það lágt.

LYFJA

- Lifið heil

Lyfja Lágmúla  
Lyfja Smáratorgi

Opið 8-24  
alla daga

[www.icelandexpress.is/london](http://www.icelandexpress.is/london)

## London. Ensk kurteisi og menning frá öllum heimshornum!



London

» London er miðstöð mannlífs og menningar í Evrópu. Auðgaðu andann, verslaðu, misstu þig yfir fótboltaleik eða hafðu það bara náðugt á þöbb eða veitingahúsi. London Eye, British Museum, Madame Toussaud's, Chelsea, Covent Garden, Oxford Street, rokkað pönk, pönkað rokk, Tate-söfnin, Piccadilly, Old Vic, Camden Town... listinn er endalaus, veltur bara á því hvað þér finnst skemmtilegt að gera.

Bókaðu ódýrt flug til London á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)!

» VERÐ FRÁ:  
**7.995 kr.**

Aðra leið með sköttum.

Iceland Express, Grimsbæ, Eftalandi 26, Sími 5 500 600

» BÖRN:  
**50%**

Börn, 11 ára og yngri í fylgi með fullorðnum, fá helningsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

[www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

Iceland Express

**Nintendo**  
**Wii**  
LEIKJATÖLVA

Flottasta leikjatölvan á aðeins **29.900 kr.**

**15" / 20" LCD sjónvarp**  
Samsung LE15S51B  
Hlutfóll: 4:3  
LISTAVERÐ: 49.900 / 69.900 kr.  
ÚTSÖLUVERÐ: 39.900 / 49.900 kr.

**SAMSUNG**  
**Versa**

Sjáðu afsláttinn!  
Gríptu tækifæri!

**32" LCD sjónvarp**  
Samsung LE32M61BX  
Upplausn: 1366 x 768  
Hlutfóll: 16:9 (breiðtald)

LISTAVERÐ: 249.900 kr.  
ÚTSÖLUVERÐ: 139.900 kr.

[www.ormsson.is](http://www.ormsson.is)

**ORMSSON**

SMÁRALIND . Sími 530 2900

Opið í dag frá kl. 13-18